

ÓLÖF SVERRISDÓTTIR

Engill sem dóttirin málaði í uppáhaldi

heimili græjur

allt í MIÐJU BLADSINS



FASTEIGNIR

Mikið endurnýjað hús nærri útivistarsvæði

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Hefur varið fjórtán milljörðum í uppgræðslu á liðnum 100 árum

TÍMAMÓT 16



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. nóvember 2007 — 301. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Áhugi úr óvæntri átt



Fyrsta bók Vals Gunnarssonar vekur áhuga útgefanda í Búlgaríu. Höfundurinn hefur engar skýringar á þessu.

FÓLK 30

Ég má segja þetta

„Íslandsdeild Repúblikanaflokksins brást ókvæða við þegar Al Gore var veitt Nóbelsverðlaunin“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson og rekur nokkur einkenni á málflytningi þeirra.

Í DAG 14

Gott að eiga góða að

Einar Ágúst Víðisson fékk hjálp vina sinna við að gefa út plötu.

FÓLK 20




Stjarnan í 8 liða úrslit

Bikarmeistarar Stjórnunar komust áfram í 8 liða úrslit í bikarkeppni karla í handbolta með 24-23 sigri gegn HK í gær.

ÍPRÓTTIR 24



VEÐRIÐ Í DAG



STUND MILLI STRÍÐA Hægur vindur og úrkomulítið um mest allt land. Hiti 0-4 stig sunnantil, en frost 1-4 stig fyrir norðan.

VEDUR 4

Sjómenn flýja kaupskerðingu og álag

Togskipum hefur fækkað mikið á undanförunum árum en samt er erfitt að manna þau mörg. Margir óvanir hásetar eru í áhöfn einstakra skipa, sem eykur vinnuálag þeirra sem vanari eru. Ótryggari mönnun fylgir mikil slyshætta.

SIÁVARÚTVEGSMÁL Forsvarsmenn samtaka sjómanna, sjómenn og útvegsmenn eru sammála um að blikur séu á lofti varðandi mönnun á fiskiskipum. Skipstjóri hjá HB Granda segist aldrei hafa fundið fyrir eins mikilli svartsýni meðal sjómanna. Þróunin er markverð í ljósi þess að skipum fækkar sífellt. Skýringin er launaskerðing vegna óhagstæðs gengis og niðurskurðar á aflaheimildum. Ótryggri mönnun fylgir mikil slyshætta um borð í skipunum.

Árni Bjarnason, formaður Félags skipstjórnarmanna, segir vanda með mönnun togskipa stað-

reynnd og í raun makalaus í ljósi þess að á tíu til fimmtán árum hafi togskipum sem róa á Íslandsmið fækkað um sextíu til sjötíu. Hann segist vita til þess að einstakar útgerðir séu farnar að borga sjómönnum fasta greiðslu til að halda þeim um borð í skipum fyrirtækisins, til dæmis á ísfisktogurum. „Það er greiðsla sem er mun hærri en kauptrygging. En það sem er alvarlegast er slyshættan. Margir óvanir menn í áhöfn skipa er ávísun á slys.“

Kristinn Gestsson, skipstjóri á frystiskipinu Þernei sem HB Grandi gerir út, hélt erindi á aðal-

fundu LIÚ. Hann sagðist aldrei fyrr hafa orðið var við eins mikla svartsýni hjá starfandi sjómönnum. „Ég óttast mikinn atgervisflótta af skipunum og er þess fullviss að þeir sem hætti fyrst séu vönu sjómennirnir. Það er ekki víst að þeir snúi aftur og þannig töpum við mikilli verkþekkingu.“

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, staðfestir að hann hafi heyrt um vaxandi vanda í mönnun á fiskiskipaflotanum. „Vandamálið er í hnotskurn að gengi krónunnar er gríðarlega sterkt og samdráttur er í aflaheimildum á sama tíma.“ - shá



STÖÐVARHÚSIÐ Rafalar Kárahnjúkavirkjunar fara brátt að snúast fyrir vatnsafl.

Kárahnjúkavirkjun:

Fyrsta vélin gangsett í dag

KÁRAHNJÚKAR Kárahnjúkavirkjun verður gangsett í dag þegar fyrsta vél Fljótsdalsstöðvar verður ræst fyrir vatni úr Háslóni.

Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar, segir að búið sé að fylla vatn á hin fjörtíu kílómetra löngu göng milli Háslóns og Fljótsdalsstöðvar og vélin verði keyrð á 115 megavatta afli.

Sigurður segir að prófanir á vélum standi yfir og þær verði ræstar á næstu vikum þar til virkjunin hafi náð fullum afköstum og fleiri ker hafi verið sett í gang í álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. - ghs

Stofnendur Bónuss:

Neita samráði um matarverð

VERSLUN Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson, stofnendur Bónuss, vísa ásökunum um verðsamráð á bug í sameiginlegri yfirlýsingu.

Þeir segjast ávallt hafa rekið Bónus með því hugarfari að viðskiptavinir snúi aftur. „Það kostar mikla fjármuni í rekstri Bónuss að halda úti umsvifamiklu verðlagseftirliti, en með því getum við staðið undir þeim lofordum, sem við höfum gefið íslenskum neytendum síðastliðin 18 ár og munum gera áfram um lægsta verðið í Bónus,“ skrifa þeir og bæta við að þeim blöskri umræða síðastliðinna daga. -bs / sjá síðu 15



TÚT ANK AMON AFHJÚPAÐUR Faraóinn var aðeins nítján ára gamall þegar hann var settur í þessa steinkistu fyrir þrjú þúsund árum. Nú hefur hann verið settur í glerkistu þar sem hægt er að stjórna af nákvæmni bæði hita og raka andrúmsloftsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múmía egypska faraósins Tút Ank Amons afhjúpuð í gær:

Gullni drengurinn til sýnis

EGYPTALAND, AP Múmía egypska faraósins var afhjúpuð í gær og sýnd opinberlega í fyrsta sinn frá því hún var lögð til hvílu fyrir þrjú þúsund árum. Múmían fannst árið 1922 í Konungadalnum rétt við Luxor í Egyptalandi.

Fornleifafræðingar tóku múmíuna úr steinkistu í grafhýsinu þar sem hún hvílir og settu hana í glerkistu sem er með nákvæmri hita- og rakastýringu. „Yfir gullna

drengum eru töfrar og dulúð og þess vegna fá allir í heiminum að sjá hvað Egyptar eru að gera til þess að varðveita hann,“ segir Zahi Hawass, yfirmaður fornleifamála í Egyptalandi.

Hann segir vísindamenn hafa byrjað á því að gera við illa farna múmíu faraósins fyrir rúmlega tveimur árum. Þá hafði múmían verið tekin stutta stund úr steinkistunni og sett í tæki til að taka af

henni tölvusneidmynd í fyrsta sinn. Hawass segist óttast áhrifin af þúsundum ferðamanna sem koma í grafhýsið í hverjum mánuði.

„Rakinn og hitinn sem stafar af fólki sem fer inn í grafhýsið og andardráttur þess mun breyta múmíunni í duft. Það eina af múmíunni sem er í góðu ástandi er andlitið. Við verðum að vernda það,“ segir Hawass. - gb

JUST 4 KIDS
OPNAR EFTIR
5 DAGA!

SUBWAY NÓVEMBER
Kafbátur mánaðarins
PIZZABÁTUR 6 tommu bátur kr. 299
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

TENGI
MORA INXX
BLÖNDUNARTÆKI
www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smíðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000
Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050
Virkadaga 8:00-18:00 • Laugardaga 10:00-15:00

SPURNING DAGSINS



Fríðrik, var Davíð fræ / sem fékk þann dóm / að falla í jörð / en verða aldrei blóm?

„Vissulega var jarðvegurinn grýttur og pólitískur, en samt var Davíð ein blómlegasta íslenska rósín.“

Fríðrik Olgeirsson sagnfræðingur segir í nýrri bók sinni að Davíð Stefánssyni ljóskáldi hafi markvisst verið haldið frá Nóbelsverðlaunum af íslenskum vinstrimönnum.

Stjórnarkreppan í Belgíu:

Metið verður slegið í vikunni

BELGÍA, AP Met verður líklega slegið í Belgíu nú á miðvikudaginn, nema sigurvegurum þingkosninganna í sumar takist að koma sér saman um ríkisstjórn fyrir þann tíma. Aldrei fyrr hefur landið nefnilega verið án ríkisstjórnar í meira en 150 daga. Yves Leterme, leiðtoga Kristilegra demókrata, hefur ekki enn tekist að ná samkomulagi við Frjálslynda flokkinn um stjórnarsáttmála, þótt reynt hafi verið af miklum krafti.

Flokkarnir deila enn efnahagsmál, aukna sjálfstjórn handa Flandri og Vallóníu, og kjördæmaskiptingu í Brussel.



FRÁ QAANAQ Afinn telur að æru fjölskyldu sinnar vegið.

Grænlenstur afi:

Kærir Dana fyrir ærumeiðingu

GRÆNLAND Lögreglan á Grænlandi hefur stefnt danskri konu eftir að afi í bænum Qaanaq kærði hana fyrir ærumeiðingar.

Karen Littauer stýrði verkefni á vegum samtakanna Red Barnet í bænum Qaanaq. Þegar hún sneri heim til Danmerkur sagði hún frá skelfilegum aðstæðum sem mörg börn þar byggju við. Þar á meðal var ungbarn með heilahimnubólgu. Afí þess kom því undir læknihendur að sögn vegna þess að foreldrarir stóðu ekki í fæturna vegna drykkju. Þar sem Qaanaq er lítið samfélag telur afinn að hægt sé að þekkja fjölskyldu hans af lýsingunni og því hafi Littauer vegið að æru hennar.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti átti fund með Idriss Deby, forseta Tsjad, í gær:

Fékk sjö hinna handteknu lausa

TSJAD, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti skrappt til Tsjad í gærmorgun, átti fund með hinum umdeilda Idriss Deby forseta og hélt til baka síðar um daginn með sjö af þeim sautján Evrópubúum sem handteknir voru og sakaðir um að hafa ætlað að ræna 103 börnum til ættleiðingar.

„Þeir eru frjálsir. Þetta er búið. Þetta eru málaðin,“ sagði Jean-Bernard Padare, lögmaður hinna handteknu.

Hin sjö frjálsu eru þrír franskir fréttamenn og fjórar spænskar flugfreyjur. Eftir sitja þó enn tíu Evrópubúar í fangelsi í Tsjad.

Fólkið var handtekið 25. október

er þegar manúðarsamtökin L'Arche de Zoé urðu uppvis að því að ætla að flytja 103 börn frá Tsjad til Evrópu án leyfis. Samtökin sögðu börnin vera frá hinu stríðshrjáða Darfúr-héraði og þeim yrði komið fyrir hjá fjölskyldum í Evrópu. Þegar rætt var við börnin kom hins vegar í ljós að flest þeirra höfðu búið hjá foreldrum sínum í þorpum skammt frá landamærum Súðans.

Þetta er í annað sinn frá því Sarkozy komst til valda í vor sem hann blandar sér í deilur um aðdrif evrópskra fanga í Afríku. Þeir sem enn sitja í fangelsi eru



Á FLUGVELLINUM Í N'DJAMENA Forsetarnir Sarkozy og Deby hvor sínum megin við nokkra af föngunum sem fengu frelsi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/APF

starfsmenn hjálpar samtakanna, þar á meðal sex Frakkar.

- gb

Með bílinn fullan af áfengi:

Foreldrar sóttu unga sprúttisala

LÖGREGLUMÁL Tveir piltar undir lögdri voru stöðvaðir af lögreglu við Þverás í Reykjavík um þrjúleytið aðfaranótt sunnudags.

Piltarnir höfðu bakkað á kyrrstæðan bíl og við athugun lögreglu kom í ljós að í bíl þeirra var mikið magn áfengis. Viðurkenndu þeir að hafa ætlað að selja það ungu fólki í miðbæ Reykjavíkur.

Lögreglan lagði hald á áfengið. Drengirnir voru fluttir á lögreglustöð þar sem haft var samband við foreldra þeirra sem því næst komu og sóttu börn sín.

- kdk

Snúðið upp á handleggi landeigenda

Eigendur jarða við bakka Þjórsár segja tilgangslausi að ræða við Landsvirkjun um virkjanir. Semja með afarkostum segir einn landeigenda. Þegar gerðar breytingar á virkjunum að ósk landeigenda segir talsmaður Landsvirkjunar.

ORKUMÁL Eigendur tveggja jarða við bakka Þjórsár hafa slitið við ræðum við Landsvirkjun. Þeir segja tilgangslausi að reyna að semja við fyrirtækið, og saka það um að beita landeigendur þrýstingi við undirbúning virkjana í Þjórsá. Landsvirkjun hafnar þessum ásökunum alfarið.

„Þó að Landsvirkjun segist vera að semja við landeigendur eru þeir að gera það með afarkostum,“ segir Guðbjörg Friðriksdóttir. Hún á hluta af jörðinni Haga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og hefur verið með sumarhús þar í um áratug.

„Það er í raun verið að snúa upp á handleggina á landeigendum. Ef þeir semja ekki verður landið tekið af þeim, því Landsvirkjun á vatnsréttindin eftir því sem þeir segja,“ segir Guðbjörg.

Lögmaður sumarhúsaiegenda hefur sent Landsvirkjun bréf þar sem fram kemur að þeir leggja íst alfarið gegn fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum við Þjórsá og mótmæla harðlega áformuðum skerðingum á lóðum þeirra vegna framkvæmda.

Guðbjörg segir að hún og aðrir sumarhúsa eigendur á svæðinu hafi átt einn fund með fulltrúum Landsvirkjunar.

„Það er alveg gagnslausi að vera á fundum með þessum mönnum, þeir hlusta ekki á það sem aðrir segja. Þeir gera bara nákvæmlega það sem þeir vilja. Þeir sýndu okkur það sem þeir ætla að gera, við vorum einiskis spurð,“ segir Guðbjörg.

Eftir fundinn ákváðu tveir af fjórum eigendum sumarhúsa og

ÞJÓRSÁ Jarðir þeirra tveggja landeigenda sem hafna frekari viðræðum við Landsvirkjun liggja nærri þar sem ætlunin er að reisa Hvammsvirkjun, eina þriggja virkjana sem áformaðar eru í neðri hluta Þjórsá.



VILJA GÓÐAR VIÐRÆÐUR VIÐ EIGENDUR

Landsvirkjun vill eiga sem bestar viðræður við landeigendur, segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Hann segir landeigendur taka sínar ákvarðanir, við því verði ekki amast.

Ekki er deilt um vatnsréttindi, fyrri eigendur jarðarinnar seldu þau snemma á síðustu öld. Þorsteinn segir að í þeim samningum sé kveðið á um að náist ekki samkomulag um bætur vegna rasks við nýtingu réttindanna eigi hlutlausir matsmenn að meta það. Líklega fari málið í það ferli.

„Við höfum verið að gera okkur far um að eiga sem bestar viðræður

við alla landeigendur, með það að markmiði að þeir geti komið með ábendingar um hvernig virkjunum verði best háttað til að lágmarka skaða á því landi sem þeim er verðmætast,“ segir Þorsteinn.

Hann segir að þegar hafi verið gerðar verulegar breytingar á hönnun virkjananna í samræmi við óskir annarra landeigenda.

Samningaviðræður vegna virkjana í Þjórsá eru flókna, enda við marga að semja, segir Þorsteinn. Hann segir nú verið að ganga frá samningum í nágrenni þeirra landeigenda sem nú hafna viðræðum við Landsvirkjun.

lóða nærri þar sem áformað er að reisa Hvammsvirkjun að hafna fyrirhuguðum framkvæmdum,

sem og frekari fundum með fulltrúum Landsvirkjunar.

brjann@frettabladid.is



Á NÓTAVEIÐUM Bæði nót og flottrolli er beitt við úthafsveiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Úthafsveiðar á síld og karfa:

Mest veitt í íslenskri lögsögu

SIJAVARÚTVEGUR Íslensk skip veiddu 18.928 tonn af norsk-íslenskri síld í september síðastliðnum, samkvæmt upplýsingum Fiskistofu. Rúmlega 9.715 tonn voru veidd á norsku hafsvæði, 2.558 tonn á íslensku hafsvæði og 5.119 tonn á alþjóðlegu hafsvæði. Alls hafa verið veidd 134.014 tonn af norsk-íslenskri síld það sem af er árinu, þar af 106.760 tonn á íslensku hafsvæði eða um 80 prósent aflans.

Íslensk skip veiddu í sama mánuði 1.669 tonn af úthafskarfa. Mest af aflanum fékkst á alþjóðlegu hafsvæði eða 1.305 tonn. Heildarafli íslenskra skipa er nú 19.199 tonn sem er litlu minna en í fyrra. Í september veiddust um 443 tonn af makríl og 769 tonn af kolmunna.

- shá

LÖGREGLUFRETTIR

Lögreglumaður sleginn

Lögregla var kölluð í Hafnarfjörð til að stöðva slagsmál sem brotist höfðu út í Dalshrauni. Lögreglumaður sem reyndi að skakka leikinn var sleginn niður en meiddi hans voru ekki veruleg.

Hvorugur sagðist hafa keyrt

Tveir bílar lentu saman við gatnamót Hringbrautar og Bústaðavegar um nóttina. Tveir ölvaðir menn voru í öðrum bílnum en hvorugur þeirra viðurkenni að hafa ekið bílnum.

Próunaraðstoð PSSÍ snýst um uppbyggingu samfélagskerfa fátækra ríkja:

Afhenda aldrei peninga beint

PRÓUNARADSTOÐ „Við höfum verið að byggja upp heilbrigðiskerfi og styðja við skóla. Þarna er verið að byggja upp þessa innviði samfélagsins,“ segir Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Próunarsamvinnustofnunar Íslands. „Við afhendum aldrei peninga beint yfir borðið.“

Í viðtali í Fréttablaðinu í gær sögðu Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson frá reynslu sinni í próunarverkefni í Malaví. Þau gagnrýndu að vestræn ríki dældu peningum til Afríku án árangurs.

Sighvatur tekur undir það sjónarmið. „Við erum ekkert að afhenda spilltum stjórnvöldum peninga. Það er ekki okkar háttur,“ segir Sighvatur. „Við höfum óháðar úttektir á öllum okkar verkum, hvort það hafi tekist vel eða illa. Þessar úttektir hafa yfirleitt komið mjög vel út.“

PSSÍ rekur próunarverkefni í sex löndum í Afríku, Asíu og Mið-Ameríku. Stofnunin fer með um 35 prósent af allri opinberri próunaraðstoð Íslendinga.

„Við höfum gert talsvert af því að byggja upp gæðamáli varðandi útflutningsafurðir eins og fisk,“ segir Sighvatur. „Við viljum tryggja að



í MALAVÍ Próunarsamvinnustofnun rekur verkefni í sex löndum, meðal annars í Malaví. Þangað fóru Sigurður og Sigríður á vegum Próunarsamvinnustofnunar.

þessar vörur próunarríkanna komist á markaði, til dæmis í Evrópusambandinu. Þau eiga að fá sama markaðsaðgang og við njótum.“

- sjg

-2kr.



Sæktu um ÖB-lykilinn á www.ob.is



www.ob.is



Með ánægju

Við erum **hagkvæm**. Þjónusta okkar er skilvirk við bókanir og persónuleg um borð. Við erum **sveigjanleg** og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að gera ferðalagið skemmtilegt.

Iceland Express 
með ánægju

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	58,85 59,13
Sterlingspund	122,51 123,11
Eura	85,13 85,61
Dönsk króna	11,420 11,486
Norsk króna	10,844 10,908
Sænsk króna	9,193 9,247
Japanskt jen	0,5123 0,5153

SDR	92,54	93,10
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
113,6952		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Jói Fel lét húðflúra eftirlíkingu af armbandi Brynju Sverrisdóttur á upphandlegg:

Húðflúr Jóa Fel vekur deilur

HÖFUNDARRÉTTARMÁL „Hann fékk aldrei leyfi fyrir þessu,“ segir Brynja Sverrisdóttir listakona um eftirlíkingu af armbandi hennar sem bakarinn Jóhannes Felixson, sem jafnan er kallaður Jói Fel, hefur látið húðflúra á upphandlegg sinn.

Verkið heitir, Umvafin trú, eða Embracing Faith eins og það nefnist á ensku, og er samsett úr fjölda trúartákna. Armbandið hefur vakið mikla heimsat-hygli og hefur knattspyrnukappinn David Beckham meðal annars sést með slíkan grip.

Brynja hefur sjálf sagt að trúartáknin tilheyri öllum, mynstrið sem fram komi á armbandinu sé þó hennar verk.

„Ég met höfundarrétt mikils og gerði þetta í góðri trú,“ segir Fjölínir Geir Bragason, listamaður og húðflúrari, sem setti eftirlíkinguna á upphandlegg Jóhannesar. „Málið er á mjög viðkvæmu stigi. Ég get ekki tjáð mig um þetta að öðru leyti en því að ég taldi

UMVAFIN TRÚ Armband Brynju, sem á ensku nefnist Embracing Faith, hefur vakið mikla athygli og á David Beckham meðal annarra slíkan grip.



víst að leyfi hefði fengist hjá Brynju fyrir þessu,“ segir Fjölínir.

Jóhannes sagði í samtali við Fréttablaðið að hann vissi ekki betur en Brynja hefði gefið sér heimild til að láta húðflúra verkið á upphandlegg. Spurður hvort sátt ríkti um málið svaraði Jóhannes: „Svona bæði og.“ - kdk

Gámur til Úkraínu í dag:

Purfandi börn fá góðar gjafir

LÍKNARMÁL Fullur gámur af jólagjöfum verður sendur til Úkraínu í dag. Um er að ræða samstarfsverkefni KFUM og KFUK og biblíuleshópsins Bleikjunnar, Jól í skókassa.

Almenningur hefur lagt sitt af mörkum til að fylla skókassa með dóti handa þurfandi börnum.

Skókössunum verður dreift á jólum í Úkraínu í byrjun janúar.

Börnin sem fá gjafirnar búa á svæðum þar sem mikil örþirgð ríkir og allt að 80 prósent atvinnuleysi. Vöðstaddur síðustu móttöku skókassanna um helgina var Evheniy Zhabkovskiy, formaður KFUM í Novi í Úkraínu. - eá

Ehud Olmert:

Vill lausn áður en Bush fer

JERUSALEM, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, sagði í gær vonast til þess að lausn náist í harðvítugum deilumálum Ísraels og Palestínanna áður en George W. Bush Bandaríkjaforseti lætur af embætti í lok næsta árs.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var stödd í Jerúsalem og sagði að ef árangur dregst enn á langinn verði það einungis vatn á myllu róttækra múslíma.

Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, var einnig á staðnum, en hann er nú alþjóðlegur friðararindreki. - gþ



STJÓRNARANDSTÆÐINGAR MÓTMÆLA Stuðningsmenn stjórnanarandstöðuflokksins Jamaat-i-Islami komu saman skammt frá Lahore í gær og mótmæltu neyðarlögum Musharraf forseta.

FRÉTTABLAÐIÐ/APF

Hörð andstaða við aðgerðir Musharraf

Musharraf, forseti Pakistans, harðlega gagnrýndur bæði innanlands og erlendis. Lögreglan í Pakistan hefur handtekið hundruð stjórnanarandstæðinga.

PAKISTAN, AP „Skammist ykkar,“ hrópuðu mótmælendur í Islamabad þegar lögreglumenn vopnaðir kylfum sundruðu mótmælaskomuna gegn Pervez Musharraf forseta og neyðarástandinu, sem hann hefur lýst yfir. Lögreglan handtók í gær hundruð stjórnanarandstæðinga víðs vegar um landið.

Stjórnavöld fjölmargra ríkja lýstu í gær yfir áhyggjum sínum vegna þeirrar ákvörðunar Musharraf að lýsa yfir neyðarástandi. Bæði Bandaríkin og Bretland hafa ákveðið að endurmeta hvort fjárhagsaðstoð, sem veita átti Pakistan, verði frestað eða jafnvel afturkölluð með öllu.

Með því að lýsa yfir neyðarlögum hefur Musharraf forseti í reynd tekið sér alræðisvöld í landinu.

Stjórnavöld segja að þingkosningum, sem halda átti í janúar, verði hugsanlega frestað í ár. Á meðan verði tíminn notaður til að bæla niður andóf harðskeyttra múslíma sem bera ábyrgð á fjölda voðaverka í landinu undanfarna mánuði.

Margir landsmenn brugðust ókvæða við þessari ákvörðun forsetans og efndu til fjöldamótmæla víðs vegar um land. Shaukat Aziz forsætisráðherra sagði í gær að meira en 500 manns hefðu verið handteknir.

Meðal annars ruddust um 200 lögreglumenn inn á fund stjórnanarandstæðinga í borginni Lahore.

„Þeir drógu okkur út, líka konurnar,“ sagði Mehbod Ahmed Khan, lögmaður mótmælendanna. „Það er ómannúðlegt, ólýðræðislegt og brot á mannréttindum okkar að

fara inn í herbergi og handtaka fólk sem er þar á friðsamlegri samkomu.“

Musharraf rændi völdum í Pakistan árið 1999. Hann var þá æðsti yfirmaður hersins og hefur haldið þeirri stöðu síðan meðfram forsetaembættinu. Hann hafði þó lofað því að láta af embætti yfirmanns hersins nú í vetur en ætlaði að vera forseti áfram í eitt kjörtímabil. Þing landsins kaus hann forseta í síðasta mánuði, en hæstiréttur á enn eftir að úrskurða hvort kjörið teljist löglegt.

Hann segir það hafa verið nauðsynlegt að lýsa yfir neyðarástandi til þess að bjarga landinu frá því að verða stjórneyti að bráð. Gagnrýndur hans segja þó neyðarástandið eingöngu síðustu tilraun hans til að halda í völdin. gudsteinn@frettabladid.is

Tók æðiskast á Ítalíu:

Kveikti elda á svölum og skaut á fólk

ÍTALÍA, AP Fyrrum leyniskyttia í ítalska hernum myrti einn og særði aðra átta, þar af þrjá lífshættulega, er hann hóf skothríð af svölum heimilis síns í bænum Guidonia á Ítalíu í gær.

Angelo Spagnoli var hættur störfum sem yfirmaður hjá ítalska hernum og sagður hafa þjáðst af þunglyndi. Vitni segja Spagnoli hafa kveikt elda á svölum áður en hann hóf að miða á höfuð vegfarenda með skambyssu og riffli.

Meðal særðra er læknir sem reyndi að hlúa að fórnarlömbum skotárásarinnar. - eá

LEIÐRÉTTING

Rangt nafn birtist í texta undir mynd af unglingum að lesa nýju biblíuna í Digraneskirkju í blaðinu í gær. Stúlkan á myndinni heitir Ingibjörg Andrea Hallgrímsdóttir. Með henni á myndinni er Gunnar Óli Markússon.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Hvöss vestanátt í flestum landshlutum.

» miðvikudagur

Suðvestlæg átt, 5-10 m/s.

Stað	Veður	Temperatúra
Kaupmannahöfn	9°C skýjað	London 14°C léttskýjað
Billund	9°C rigning	Paris 14°C heiðskýrt
Ósló	6°C rigning	Frankfurt 11°C rigning
Stokkhólmur	6°C skýjað	Friedrichshafen 8°C rigning
Gautaborg	7°C skúrir	Berlín 10°C léttskýjað
Eindhoven	11°C rigning	
Basel	9°C rigning	
Alicante	21°C léttskýjað	
Róm	19°C heiðskýrt	
Las Palmas	23°C skýjað	

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Þú hefur meira val

Með Vaxtareikningi færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

Vaxtareikningur er óverðtryggður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.



Landsbankinn



Var það rétt ákvörðun hjá lögreglu að vísa Vítisenglum úr landi?

Já 81%
Nei 19%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Barði Jóhannsson erindi í aðalkeppni Eurovision með lag sitt *Ho, ho, Ho we say hey, hey, hey?*

Segðu þína skoðun á visir.is



Sjálfstæðismenn í félagsmálanefnd setja fyrirvara við nýtt jafnréttisfrumvarp samstarfsflokksins í ríkisstjórn:

Vilja breyta atriðum jafnréttisfrumvarps

STJÓRNMÁL Nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins í félagsmálanefnd vilja breyta ýmsum atriðum frumvarps Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

„Það hefur verið umræða um það innan okkar þingflokks að í ákveðnum þáttum sé gengið fullangt,“ segir Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem situr í nefndinni. Fyrir hönd flokksins sitja einnig Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen og Pétur Blöndal í nefndinni, en Guðbjartur Hannesson úr Samfylkingu er formaður hennar.

„Menn hafa sagt að í þessu megi ekki vera of íþyngjandi kaflar fyrir fyrirtæki til að vinna eftir í ráðningarferli,“ segir Jón. „Það mætti gera greinarmun á opinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum í frumvarpinu.“



KYNIN VIÐ SAMA BORD Þingmenn Sjálfstæðisflokks segjast styðja frumvarpið, en vilja breyta ýmsum atriðum þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áætlun. „Þetta er hugmynd sem ég tel að breyti litlu ef ekki er farið eftir henni,“ segir Pétur Blöndal. „Ég vil síður lyfta refsivindinum, heldur frekar verðlauna fyrirtæki sem standa sig vel með sérstakri jafnréttisvottun.“

Í frumvarpinu er einnig lagt til að úrskurðir kæruneftar jafnréttismála verði bindandi. Pétur segir þetta varhugaverða hugmynd. „Frumvarpið leggur of miklar kvaðir á smáfyrirtæki og ber þess merki að það sé samið af embættismönnum, sem sjálfir hafa greinilega ekki verið í þeim sporum að reka fyrirtæki,“ segir Ármann Kr. Ólafsson.

„Það liggur í loftinu að þetta frumvarp gangi svoltitíð langt miðað við það sem menn gætu sæst á,“ segir Árni Johnsen. „Það þarf bara að skoða það.“

Frumvarpið kveður á um að fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri setji sér jafnréttis-

-sgj

Ljósastarar
mikið úrval – gott verð

Verð kr. **3.495,-**
Verð kr. **2.495,-**
Verð aðeins kr. **1.495,-**

Meiri gæði
Lægra verð

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

www.murbudin.is Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is

Fólk oftast borið út vegna óreglusemi

Óregla og ónæði í húsnæði Félagsbústaða virðist viðgangast þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir náganna. Félagið tekur ábyrgð á öllum kvörtunum og bregst við þeim, segir forstöðumaður. Útburðir eru í flestum tilvikum vegna óreglu.

SAMFÉLAGSMÁL Ónæði vegna fólks í mikilli fíkniefnaneyslu viðgengst í íbúðarhúsnæði á vegum Félagsbústaða þrátt fyrir siendurteknar kvartanir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Forsvarsmenn Félagsbústaða vilja að nágannar láti félagið og lögreglu undantekningarlaust vita af ónæði frá leigjendum því kvartanir séu forsenda þess að hægt sé að uppræta vandann. Útburðir úr húsnæði félagsins eru oftast vegna óreglu og ónæðis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru dæmi um stöðuga óreglu í húsnæði á vegum Félagsbústaða í langan tíma. Einn viðmælandi lýsti ástandi sem varði í rúmt ár. Leigjandinn var í mikilli fíkniefnaneyslu og gestir hans einnig. Á löngum tímabilum var húsráðandi ekki heima en óreglan hélt samt áfram. Viðmælandi Fréttablaðsins segir ástandið hafa verið mjög slæmt og varð hann vitni að því þegar fólk sprautaði sig með fíkniefnum fyrir utan íbúðina og brotist var inn í geymslur og þær tæmdar. Á tímabilinu var ítrekað haft samband við Félagsbústaði og lögreglu án þess að viðkomandi einstaklingi væri gert að fara.

Spurður hversu langt mál þurfi að ganga áður en leigjendum sé gert að yfirgefa íbúð í eigu félagsins segir Birgir Ottósson, forstöðumaður þjónustudeildar Félagsbústaða, að verklag félagsins vegna brota á húsnæðisreglum sé skýrt. Þrjú sannanleg brot húsnæðisreglna þurfi til að gera það að verkum að leigusamningi sé rift. „Þá er málið falið lögfræðingi til



101 REYKJAVÍK Félagsbústaðir, sem eru hlutfélag í eigu Reykjavíkurborgar, eiga 2.000 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Langflestar eru í miðbænum. Hlutfallslega hefur útburðum fækkað ár frá ári.

ÚTBURÐIR ÚR ÍBÚÐUM 2000-2006

Ár	Útburðir*
2000	14
2001	11
2002	9
2003	9
2004	3
2005	10
2006	8

*Útburðir vegna brota á húsnæðisreglum, ekki vegna vangoldinnar leigu.

að koma viðkomandi út úr húsnæðinu með aðstoð dómstóla. Eftir riftun tekur ferlið einn til þrjú mánuði.“ Spurður hve lengi vandinn geti verið viðvarandi áður en komi að riftun samnings segist Birgir þekkja mál sem

tekið hafi eitt ár. Það geti þó átt sér þá skýringu að kvartanir hafi borist yfir langt tímabil og því hafi ekki verið brugðist við fyrir.

Á árunum 2000 til 2006 voru íbúar bornir út úr 74 íbúðum Félagsbústaða en slíkum tilvikum hefur farið fækkandi með árunum, að sögn Birgis. Hann útilokar ekki að 74 útburðir segi ekki alla söguna því fólk taki sig oft á og mál gangi ekki alla leið. „Flest málin þar sem kemur til þess að leigjendur eru bornir út eru vegna óreglu og ónæðis. Það má líka segja að í tilfelli þolandans sé einn útbúður af mikið, en við tókum ábyrgt á kvörtunum, könnum sannleiksgildi þeirra og bregðumst við samkvæmt verklagsreglum.“

svavar@frettabladid.is

Grafísk hönnun

Vinsælt og gagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar.

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag

- Photoshop
- Illustrator
- InDesign



Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF). Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum og fá þátttakendur gagnýtt verkefni í tengslum við innihald náms.

Kennsla hefst 8. nóvember. Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,- Allt kennsluefni innifalið.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKING
FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

Hringdu í síma

512 5060
ef blaðið berst ekki



49 DAGAR TIL JÓLA Koma jólasveinanna kátu í glugga Rammagerðarinnar í Hafnarstræti er einn fyrsti fyrirboði jólaanna á hverju hausti í augum Reykvíkinga. Jólasveinarnir hafa glatt margt mannsbarnið í miðborginni og eru löngu orðnir sígildur viðkomustaður í innkaupaferðum fólks í jólaorðröðinni. Konráð Bjartur, sem er eins og hálfis árs gamall, fór ekki varhluta af jólastemningunni þegar hann átti leið fram hjá sveinunum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Félagsmálaráðherra:

Styrkir til fiskverkafólks í vinnslustöðvun

ALÞINGI Fyrirtæki í fiskvinnslu eiga oftartilkall til styrkja til að borga starfsmönnum sínum í vinnslustöðvun, samkvæmt frumvarpi Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra sem lagt var fram á fimmtudag.

Atvinnuleysisstryggingasjóður hefur hingað til takmarkað styrki sína við tuttugu daga samfellda vinnslustöðvun, en getur greitt laun fiskvinnslufólks í þrjátíu daga vinnslustöðvun ef frumvarpið nær fram að ganga. Hámarksfjöldi greiðsludaga á ári verður jafnframt hækkaður úr 45 í sextíu.

Frumvarpinu er ætlað að sporna við áhrifum vegna samdráttar í þorskeiðheimildum.

-sgj



PARKET



FLÍSAR



HURÐIR



INNRETTINGAR

**Egill
Arnason hf**

Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0500 - www.egillarnason.is



Allt í drasli mælir með

Burt með uppsafnaðan kísil
Frábært til að fjarlægja erfða bletti, uppsöfnuð óhreinindi, fitu, gúmmifór, kísil og sápuskánir. Notist á postulín, keramik, ryðfrítt stál o.fl. Auðvelt að skola og skilur ekki eftir himnu.

Fita og önnur óhreinindi hverfa
skotvirkar á erfða bletti eins og fitu, blek, vaxliti, varaliti, vín, matarleifar og fleira. Efninu er úðað beint úr brúsanum á blettinn og síðan þurrkað. Þarf ekki að skola. Skilur ekki eftir leifar.

Skítur á veggjum ekki vandamál
Hvímleidd fingraför og skítur á veggjum eru ekki lengur vandamál með SD-20 hreinsiefninu.

Burt með blettina!
Náðu burt blettum og öðrum óhreinindum úr sófum og teppum með Contempo teppa- og blettahreinsi.

Helluborðið eins og nýtt
Helluborðið verður eins og nýtt með Sterling keramikhelluhreinsi.

Besta
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði Sími: 430 0000
Brekkestíg 39 • Njarðvík Sími: 420 0000
Miðási 7 • Egilsstöðum Sími: 470 0000
Ármúla 23 • Reykjavík Sími: 510 0000

Þjóðernissinnar fagna nýrri þjóðhátíð í Rússlandi:

Vilja reka útlendinga burt

RÚSSLAND, AP Um það bil fimm þúsund þjóðernissinnar komu saman í miðborg Moskvu í gær til að halda hátíðlegan nýja þjóðhátíðardaginn, sem stjórnvöld ákváðu fyrir þremur árum að skyldi taka við af gamla þjóðhátíðardeginum 7. nóvember, sem var haldinn í minningu októberbyltingar bolsévika árið 1917.

Þetta er í þriðja sinn sem dagurinn er haldinn hátíðlegur. Stjórnvöld hafa tengt hann við sögulega atburði sem urðu árið 1612 þegar hersveitir Pólverja og Kósakka voru hraktar á brott frá Moskvu eftir stutt hernám þeirra.

Rússneskir þjóðernissinnar hafa hins vegar tekið þessum degi fagnandi og setja stóran svip á hátíðarhöldin. Þar á meðal eru áberandi nokkur samtök öfgamanna sem telja hörundshvít fólk æðra öðru fólk og vilja reka alla þeldökka útlendinga úr landi.

„Rússland verður hvítt,“ sagði leiðtogi Hreyfingar, maður sem nefnir sig Alexander Belov, en eftirnafn



TELJA SIG ÖÐRUM ÆÐRI Rússneskir þjóðernissinnar réttu upp hönd að hætta þýskra nasista í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hans þýðir „hvítur“ á rússnesku. „Þjóðin ofar öllu,“ sagði hann og vísaði þar til slagorðs þýskra nasista. - gb

Samstaða um félagslega meirihlutaeign

Minna svigrúm er til uppbyggingar álvera en ýmsir halda segir iðnaðarráðherra. Pólitísk samstaða að myndast um ákveðin atriði í væntanlegum orkulögum.

ORKUMÁL Svigrúm til uppbyggingar álvera hér á landi er minna en ýmsir halda. Gangi öll áform um uppbyggingu upp mun framleiðslugeta

Íslands á raforku verða fullnýtt. Svigrúm til aukinnar álframleiðslu hér á landi takmarkast auk þess af heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda.

Þetta kom fram í ræðu Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra á flokksráðsfundi Samfylkingarinnar í gær. Vegna forfalla Össurar flutti Einar Karl Haraldsson, aðstoðarmaður Össurar, ræðu ráðherrans í hans stað.

Í ræðu Össurar er farið yfir áherslur hans í orkumálum, en nú er unnið að gerð frumvarps að orkulögum í iðnaðarráðuneytinu. Einar Karl segir að stefnt sé á að leggja frumvarpið fram á Alþingi sem fyrst, svo líklegt má telja að

það líti dagsins ljós fyrir jólafrí Alþingis.

Í ræðu Össurar segir að svo virðist sem pólitísk samstaða hafi myndast um nokkur atriði tengd orkumálum. Líklegt er að á hana reyni þegar fjallað verður um frumvarp um orkumál á Alþingi.

„Sem dæmi nefnis Össur að sátt virðist vera um lögbundinn aðskilnað á samkeppnisrekstri og sérleyfisþáttum svo sem dreifingu rafmagns og vatns. Einnig um að orkuauðlindir verði í félagslegri meirihlutaeign, og mögulegt verði að leigja þær tímabundið til einkaaðila.“

„Eins og málum er nú háttáð hafa stjórnvöld engin bein stjórn-

tæki til þess að stýra uppbyggingu stóriðju á landinu – eða hafa áhrif á staðsetningu hennar eða tímasetningar byggingaráfanga. Þannig gæti bygging álvers í Helgúvík hafist á fyrri hluta næsta árs án þess að ríkisvaldið hafi haft nokkuð með framvindu þess máls að gera,“ segir í ræðu Össurar.

Þar segir að nú virðist fleiri berja á dyr en rúmist í veislusalnum; orkulindir landsmanna séu takmarkaðar. Ekki sé æskilegt að nýta þær allar til málframleiðslu, enda efnahagsleg áhætta fólgin í einsleitum atvinnuvegum, eins og dæmin úr sjávarútvegi sýni.

brjann@frettabladid.is

ÞRÓUNARÁÐSTOÐ RENNIR Í MENNTAMÁL

Hugmyndir eru uppi um að nota hluta aukinna framlaga til þróunarástoðar til að bjóða efnilegum nemendum við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna að ljúka hér á landi meistaraáráðu eða doktorsgráðu. Þetta kom fram í ræðu Össurar Skarphéðinssonar í gær.

Þar segir Össur að hann hafi rætt þetta mál við utanríkisráðherra og óformlega á ríkisstjórnarfundum við góðar undirtektir. Þetta geti auðgað samfélög nemendanna með þekkingu á sviði jarðvarma og bætt einstaklingana, en einnig verði þetta öflugt liðsinni í íslenskrí orkuútrás.

Hvað er vaxtamunur?

Samtök fjármálafyrirtækja efna til fræðslufundar um vaxtamun á Grand Hótel (Hvammí) kl.12.00 –13.15 mánudaginn 5. nóvember

DAGSKRÁ

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra ávarpar fundinn



Þorvaldur Gylfason prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands
Samkeppni, bankar og hagkvæmni



Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur og frkvstj. verðbréfasviðs Landsbankans
Rétt og rangt um vaxtamun

Pallborðsumræður:

Þorvaldur Gylfason, Yngvi Örn Kristinsson og Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Seðlabanka Íslands

Fundarstjóri er Haraldur Johannessen ritstjóri Viðskiptablaðsins

Fundurinn er öllum opin, enginn aðgangseyrir. Léttar veitingar í boði.

Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda póst á netfangið sff@sff.is

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

GRÆNT LJÓS!

Veislan sem beðið hefur verið eftir er byrjuð.



PEUGEOT 307 DB-580

Nýskráður sept. 03 ek. 56 þús. Kr. 1480 þús.

Á mánuði kr. 32.067



TOYOTA COR. WAG. VI-225

Nýskráður maí 02 ek. 56 þús. Kr. 1420 þús.

Á mánuði kr. 30.766



SUZUKI GRAND VITARA EG-924

Nýskráður mars 00 ek. 124 þús. Kr. 920 þús.

Á mánuði kr. 19.933



HONDA JAZZ UR-981

Nýskráður jún. 05 ek. 45 þús. Kr. 1.250 þús.

Á mánuði kr. 27.083



TOYOTA RAV4 PJ-742

Nýskráður mar. 00 ek. 103 þús. Kr. 890 þús.

Á mánuði kr. 19.283



DAEWOO NUBIRA YV-667

Nýskráður jan. 00 ek. 80 þús. Kr. 590 þús.

Á mánuði kr. 12.783



OPEL ZAFIRA TD-768

Nýskráður jan. 00 ek. 101 þús. Kr. 690 þús.

Á mánuði kr. 14.950



SUBARU IMPREZA YT-273

Nýskráður jún. 99 ek. 102 þús. Kr. 690 þús.

Á mánuði kr. 14.950



SUZUKI LIANA SE-769

Nýskráður jún. 03 ek. 45 þús. Kr. 890 þús.

Á mánuði kr. 19.283



KIA PICANTO OL-526

Nýskráður apr. 05 ek. 19 þús. Kr. 990 þús.

Á mánuði kr. 21.450



CHEVROLET KALOS SI-751

Nýskráður apr. 05 ek. 43 þús. Kr. 980 þús.

Á mánuði kr. 21.234



SUZUKI JIMNY YN-303

Nýskráður maí 04 ek. 43 þús. Kr. 1080 þús.

Á mánuði kr. 23.400



SUZUKI IGNIS SU-029

Nýskráður nóv. 00 ek. 88 þús. Kr. 630 þús.

Á mánuði kr. 13.650



REN. MEG. SCENIC 4X4 UN-848

Nýskráður nóv. 00 ek. 78 þús. Kr. 860 þús.

Á mánuði kr. 18.6340

**MEIRA EN
100
BÍLAR Í
BOÐI**

100%
vaxtalausir dagar
hjá Suzuki notuðum bílum
í Skeifunni

- Engin útborgun
- 100% lán
- Vaxtalaust í 4 ár
- Aðeins í 3 daga

Fyrstur kemur - fyrstur fær...

OPIÐ: 9-18

Lán miðast við jafnar greiðslur í 48. mánuði, lántökukostnaður innifalinn.

Suzuki notaðir bílar Skeifunni 17

TASKI

Bjarnþór Þorláksson,
bilstjóri hjá RV

Gólfvottavélar á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding,
aðeins mánaðarlegar greiðslur.

TASKI swingo XP

TASKI swingo 3500 B

TASKI swingo 1250 B

TASKI swingo 750 B

TASKI swingo
gólfvottavélar
Einfaldar í notkun - liprar og
leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV HÉLDU 10000

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Fatahönnun í útrás Námskeið í útflutningi fyrir íslenska fatahönnuði

12.-13. nóvember og 27.-28. nóvember
á Hótel Glym. Þriðji fundurinn verður haldinn
í janúar 2008 í Reykjavík.

Útflutningsráð Íslands býður fatahönnuðum upp á þátttöku í námskeiði sem ætlað er að auka þekkingu þeirra á útflutningi. Námskeiðið er ætlað hvort tveggja einstaklingum sem og stærri fyrirtækjum. Markmið verkefnisins er að auka markaðsvitund þátttakenda með kennslu árangursríkra vinnubragða hvað varðar vörubrúun, hefðbundna markaðssetningu og markaðssetningu á netinu, uppbyggingu vörumerkis og þátttöku í sýningum, svo eitthvað sé nefnt. Mikil áhersla er lögð á virka þátttöku í verkefnum.

Tilgangur verkefnisins og áherslur eru eftirfarandi:

- Veita leiðsögn í undirstöðuatriðum er varða útflutning á fatahönnun.
- Gera fólki kleyft að nýta þekkinguna í framkvæmd.
- Veita hagnýtar upplýsingar sem varða þætti eins og framkomu og undirbúning fyrir sýningar.

Vinnufundirnir verða þrjár og standa í tvo daga í senn. Fyrsti fundurinn mun fara fram 12.-13. nóvember á Hótel Glym og næsti fundur 27.-28. nóvember á sama stað. Þriðji fundurinn verður haldinn í janúar 2008 í Reykjavík.

Gjald fyrir þátttöku í námskeiðinu er **12.500 kr.** Innifalið í því eru fyrirlestrar, ráðgjöf á milli vinnufunda, námsgögn, fæði og gisting á meðan vinnufundum stendur. Þátttakendur bera sjálfir kostnað af ferðum til og frá vinnufundum.

Nánari upplýsingar veitir Bergur Ebbs Benediktsson á skrifstofu Útflutningsráðs í síma **511 4000** eða á netfanginu **bergur@icetrade.is**

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

Danskir háskólar þykja á gráu svæði þegar þeir rukka nemendur um ýmis gjöld: Innheimta dulbúin skólagjöld

DANMÖRK Danskir háskólar eru byrjaðir að krefja nemendur um gríðarlega há gjöld sem danska stjórnarandstaðan hefur mótmælt hástöfum. Dæmi eru um að danskir háskólar rukki nemendur um gjöld sem nema um fjögur til sex hundruð þúsund íslenskum krónum fyrir tveggja ára nám í einstökum deildum. Þetta á helst við um alþjóðlegt nám sem fellur undir Erasmus Mundus-verkefnið.

Samkvæmt dönskum lögum er óheimilt að krefja danska háskólastúdenta um skólagjöld og þess vegna vilja telja margir meina að þetta fyrirkomulag stangist á við núgildandi lög.

Menntamálaráðherra Dana, Helge Sander, hefur sætt mikilli gagnrýni vegna málsins en hann heldur því fram að háskólanám sé nemendum enn að kostnaðarlausu eins og lög gera ráð fyrir. Raunveruleikinn er hins vegar allt annar, því háskólarnir geta auðveldlega krafðið nemendur sína um þau gjöld sem þeim hentar með því að nefna þau eitthvað annað en skólagjöld, til dæmis skipulagsgjöld.

Ýmsir stjórnálamenn hafa lýst yfir áhyggjum vegna þessa og Charlotte Fischer er ein þeirra. Hún segir að gjöldin vinni gegn alþjóðavæðingu Dana þar sem þau



LÖGBROT? Danskir stjórnálamenn óttast stéttaskiptingu vegna himinhárra skólagjalda ýmissa háskóla þar í landi.

stuðli að stéttaskiptingu í námi og komi í veg fyrir að allir hafi jafnan aðgang að sama námi.

- rh

Evrulaun þurrka út gengisáhættu lána

Greiðslubyrði af erlendu láni er hærri til að byrja með en lækkar hratt og er mun lægri til lengri tíma lítið en af Íbúðasjóðsláni. Ef krónan fellur hækkar greiðslubyrðin sem því nemur. Laun í evrum þurrka út gengisáhættuna.

VINNUMARKAÐUR Talsverður munur er á afborgunum lána í erlendri mynt og húsnæðisláni hjá Íbúðalánasjóði. Meðalgreiðslubyrði af láni í erlendri mynt er rúmlega níu þúsundum krónum hærra á mánuði fyrsta árið en af láni hjá Íbúðalánasjóði. Hún lækkar hins vegar hratt, er 3.850 krónum hærra fyrstu fimm árin og er orðin lægri eftir fimm ár.

Greiðslubyrði af láni upp á tíu milljónir króna sem tekið er í dag í evrum til fjórutíu ára með 2,25 prósentu vaxtaálagi er að meðaltali 73.777 krónur fyrsta árið en lækkar svo hratt og er komin niður í 67.770 krónur að meðaltali eftir 1-10 ár. Meðalgreiðslubyrði öll fjórutíu árin er 47.747 krónur. Miðað er við gengi í gær en gengissveiflur og grunnvextir geta skapað áhættu, greiðslubyrði breytist og hækkar í krónum talið ef gengið fellur.

Meðalgreiðslubyrði af láni, sem tekið er hjá Íbúðalánasjóði með vexti upp á 5,10 prósent til fjórutíu ára miðað við fjögurra prósentu verðbólgu, er 64.356 krónur á mánuði fyrsta árið. Eftir fimm ár er greiðslubyrðin að meðaltali komin niður í 70.950 krónur en meðalgreiðslubyrði á mánuði er 89.434 krónur allan lánstímann. Í þessu dæmi er það verðbólgan sem skapar áhættuna, greiðslubyrðin hækkar í takt við hana.

Ef gengið fellur um tíu prósent daginn eftir að evrulánið í dæminu hér að ofan er tekið hækkar afborgunin um tíu prósent. Þannig hækkar greiðslubyrðin úr 73.389 krónum í 81.139 krónur á mánuði. Fá lánstakinn hins vegar laun sín í evrum á móti láni kemur hann út á sléttu. Ef hann fær 100 prósent launa í evrum hagnast hann eftir gengisfallið. Ef gengið hins vegar styrkist tapar hann. Þess vegna fylgir því gengisáhætta að taka laun í erlendri mynt. Þá hefur gengisfall áhrif á verðbólguna til lengri tíma lítið og hækkar því greiðslubyrði Íbúðalánasjóðslánsins.



HANS ADOLF
HJARTARSON

Hans Adolf

LAUN Í EVRUM Á MÓTI LÁNI

Lántaki sem tekur tíu milljóna króna lán hjá Íbúðalánasjóði í dag verður búinn að greiða tæplega 43 milljónir króna til baka eftir fjórutíu ár miðað við að verðbólga haldist fjögur prósent. Ef hann tekur sömu upphæð að láni í erlendri mynt verður hann búinn að greiða tæpar 23 milljónir til baka eftir tíu ár miðað við að gengi haldist óbreytt.



AFBORGANIR

10 milljóna króna húsnæðislán tekið til 40 ára, annars vegar í evrum og hins vegar hjá Íbúðalánasjóði

Greiðslubyrði á mánuði	Evrur*	Íbúðalánasjóður**
Fyrsta árið	73.777	64.356
Fyrstu fimm árin	71.108	67.258
Árabilið 1-10 ár	67.770	70.950
Eftir 11-20 ár	54.421	85.657
Eftir 21-30 ár	41.072	98.164
Eftir 31-40 ár	27.723	102.964
Að meðaltali allan lánstímann	47.747	89.434
Heildargreiðsla	22.918.498	42.928.329

* 2,25 prósentu vaxtaálag - ekki tekið tillit til áhættu
** 5,10 prósent vextir og fjögurra prósentu verðbólga

MIÐAÐ VIÐ GENGI 25. HVERS MÁNAÐAR

Erla Tryggvadóttir, verkefnastjóri hjá Straumi-Burðarási, segir að í kjölfar þess að evran hafi verið gerð að starfrækslumuynnt bankans hafi starfsfólki staðið til boða að binda hluta eða öll laun sína við evruna.

Starfsmenn taki ákvörðun til minnst eins árs í senn og ákveði þá hversu hátt hlutfall af launum sínum þeir vilji binda við evru. Starfsmenn með lán í erlendri mynt greiði lægri vexti af erlendum

lánum og geti komið í veg fyrir gengisáhættu með því að miða hlutfallið við lánið. Hún segir að skattar, lífeyrissjóðir og önnur tengd gjöld séu gerð upp í krónum og því þurfi að umreikna launatöluna við hver mánaðamót, reikna gjöldin út frá þeirri tölu og greiða svo mismuninn út. Miðað sé við gengi Seðlabanka Íslands 25. hvers mánaðar.

Hjartarson, sérfræðingur hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum, segir að séu menn með laun í evrum sé skynsamlegt að vera með lán í evrum til jafns við launin. Ekki sé komin mikil reynsla á erlendu lánin á Íslandi enda aðeins verið í boði til nokkurra ára. „Þetta

snýst um meðalgreiðslubyrði á mánuði og hvað fólk greiðir að lokum til baka.“

Lántakinn greiðir tæpar 43 milljónir króna til baka af Íbúðalánasjóðsdæminu en tæpar 23 milljónir í hinu dæminu.

ghs@frettabladid.is

15% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is



Starfsgreinasambandið:

Gleðilegt skref stigið hjá Marel

VINNUMARKAÐUR Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, SGS, er fullviss um að það verði algengara á íslenskum vinnumarkaði að fyrirtæki borgi fólkinu sínu í evrum eða öðrum erlendum gjaldmiðli. Fréttablaðið greindi frá því nýlega að Marel hygðist bjóða upp á slíkt um eða eftir áramótin.

„Það er óhætt að segja að þetta komi á óvart og mér finnst gleðilegt að menn séu að stíga þessi skref. Ég held að þetta eigi að auðvelda heimilunum reksturinn,“ segir Kristján.

- ghs



GÖRAN MALMQVIST

Sænskur Kínafræðingur:

Ræðir breytta ásýnd Kína

FYRIRLESTUR Þróun Kína síðastliðin sextíu ár verður til umfjöllunar í fyrirlestri sem Göran Malmqvist, einn þekktasti Kínafræðingur Norðurlanda, heldur í Háskólabíói kl. 16.15 á mánudag.

Malmqvist er prófessor emeritus við Stokkhólmsháskóla og félagi í sænsku vísindaakademíunni. Í fyrirlesturinum hyggst hann fjalla um langa reynslu sína af Kína, sem hófst á námsárum hans þar 1948-1950. Að fyrirlesturinum standa Asíusetur Íslands og Kínversk-íslenska menningarfélagið (KÍM). Aðgangur er öllum opinn, að því er segir í fréttatilkynningu.

- aa

Kennslukona sætir ákæru:

Hljópst á brott með nemanda

BANDARÍKIN Kennslukona og þrettán ára drengur sem hún hljópst á brott með voru handtekin í Mexíkó í gær. Drengurinn er fyrrverandi nemandi kennslukonunnar, en þau flúðu Bandaríkin þegar lögregla hóf rannsókn á hvort samband þeirra væri kynferðislegs eðlis.

Kennslukonan sætir meðal annars ákæru fyrir mannrán og misnotkun á barni. Í tölvupóstum sem hún sendi drengnum kemur fram að hún hafi verið ástfangin af honum og viljað eyða með honum ævinni. Fjölskylda drengsins sakar hana einnig um að hafa keypt farsíma handa drengnum, svo að hún gæti auðveldlega haft samband við hann.

- sgj

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti ríkissaksóknara

Dómsmálaráðuneytið hefur auglýst embætti ríkissaksóknara laust til umsóknar frá og með 1. janúar næstkomandi. Starfið var áður auglýst frá 1. júlí en starfssamningur Boga Nilssonar var framlengdur um hálf ár. Fimm sendu inn umsóknir í sumar.

Netsamband sem fylgir þér um allt

3G netkortinu frá Símanum er einfaldlega stungið í rauf á fartölvunni og þá kemstu í háhraða netsamband hvar og hvenær sem er á 3G neti Símans.

Hraðinn er alger bylting. Með 3G netkortinu sinnir þú öllum þeim verkefnum sem þú gerir með venjulegri nettengingu og getur verið í þínu eigin sambandi á fundi úti í bæ – eða jafnvel á leiðinni á hann!

800 7000 • www.siminn.is

Það er Síminn




Sími



Netið



Sjónvarp



5125050

Auglýsingasími

- Mest lesið

75 ára



NÆR SÉR Í PENING Að loknum nokkuð fjölmennum mótmælafundi í Ístanbul í Tyrklandi gegn Kúrdum skrapp þessi maður í hraðbanka að ná sér í aur, með tyrkneska fánann sem skikkju á bakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búast má við vaxtahækkun hjá bönkum og sparisjóðum á næstu vikum:

SPRON endurskoðar vextina

FJÁRMÁL Stýrivextir hafa áhrif á útlánsvexti á óverðtryggðum lánnum hjá bönkunum og má búast við að vextirnir hækki á næstu dögum og vikum. Útlánsvextir á óverðtryggðum lánnum hafa nú þegar hækkað hjá Kaupþingi og Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá SPRON, býst við að vextirnir hjá SPRON hækki um allt að 0,45 prósentum í næstu eða þarnæstu viku.

„Einn banki er þegar búinn að tilkynna hækkun. Við endurskoðum vexti á tíu daga fresti og ég á ekki von á að við breytum vöxtum hjá okkur fyrr en 11. nóvember,“ segir Ólafur.



BÚA SIG UNDIR HÆKKUN Bankar og sparisjóður búa sig undir hækkun vaxta á næstu dögum og vikum að sögn framkvæmdastjóra hjá SPRON.

Algengir yfirdráttarvextir á platinu- eða gulldebetkortu eru um 19-20 prósent hjá SPRON og segir Ólafur að algengt sé að yfirdráttarlán beri 17-22 prósent vexti. Búast

megi við að stýrivextir standi fyrir hátt í þrjá fjórðu. Við bætist kostnaður og fleira. Ólafur bendir á að stýrivaxtahækkun Seðlabankans í síðustu viku hafi takmörkuð áhrif og komi helst niður á þeim sem séu með yfirdráttarlán og kortalán. Þó að innlánsvextir hækki sé það ekki sama fólk sem eigi innlán og útlán í bönkunum.

Stýrivaxtahækkunin hafi „mest áhrif á þá sem eru skuldsettari. Flest fyrirtæki og efnameira fólk eru komin í erlend lán og því hefur þetta mest áhrif á þá sem síst skyldi og eru ekki mikið að þæla í öðrum lánamöguleikum,“ segir hann. - ghs

Kaffihús á Skólavörðuholti: Borgina skorti rök fyrir synjun

SKIPULAGSMÁL Ákvörðun skipulagsráðs Reykjavíkur um að synja umsókn um rekstur kaffihúss á Lokastíg 28 hefur verið ógilt af úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Eigandinn sótti um að fá að reka kaffihús á annarri hæð hússins þar sem áður hefur verið söluturn á jarðhæð. Úrskurðarnefndin segir synjun skipulagsráðs ekki byggða á haldbærum rökum. Í útsögn kemur fram að kaffihúsið yrði með sömu aðkomu og söluturninn og að ekki væru líkur á auknu áreiti af vinnu-ingalauðu kaffihúsi með sama afgreiðslutíma. - gar

Ófremdarástand í Garðyrkjuskólanum

Á haustfundi garðyrkjubænda var ákveðið að skora á menntamála- og landbúnaðarráðherra að bregðast við óviðunandi ástandi í Garðyrkjuskólanum. Nánast engin nýliðun hefur orðið í stéttinni í 20 ár og því dregið úr fagþekkingu.

MENNTUN „Ég tel það áhyggjuefni að þeim fækki sífellt sem búa yfir fagþekkingu á garðyrkju hér á landi,“ segir Ingólfur Guðnason, garðyrkjufraeðingur á Engi í Laugarási. Hann segir að síðustu tuttugu ár hafi nánast engin nýliðun orðið meðal garðyrkjubænda og stöðu starfsmenntanáms í Garðyrkjuskóla ríkisins hafi hnignað mjög, sérstaklega eftir að skólinn var sameinaður Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Á haustfundi garðyrkjubænda sem haldinn var í síðustu viku var ályktun um að skorað yrði á menntamála- og landbúnaðarráðherra um að bregðast við hnignandi stöðu Garðyrkjuskólans samþykkt samhljóða.

Í ályktuninni segir meðal annars að óviðunandi ástand hafi skapast í starfsnámi í garðyrkju við Garðyrkjuskólann á Reykjum, aðstaðan fari hnignandi, starfsmannaflótti sé úr stéttinni, sífellt dragi úr gæðum menntunarinnar og við þetta dragi úr aðsókn nemenda. Sinnuleysi stjórnvalda á þessu máli sé á góðri leið með að sundra þeim greinum sem kenndar eru við skólann.

„Ég geri mér grein fyrir því að tilhneigingin er sú að störfum fækkar og einingar stækka. Sem fagmaður tel ég það þó áhyggjuefni hve þeim sem þekkingu hafa hefur fækkað mikið,“ segir Ingólfur.

Undir orð hans tekur Magnús Á. Ágústsson, garðyrkjuráðunautur Bændasamtakanna. Hann



ENGIN NÝLIÐUN Skólamaál Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi þykja í ölestri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

telur einnig að of mikil óvissa hafi skapast um framtíð Garðyrkjuskólans og að atgervisflótti hafi orðið meðal kennara skólans vegna ástandsins. Nú sé svo komið að kennara vanti við skólann, einkum á ylræktardeild. „Stjórnvöld hafa ekki sýnt nein spil í þessum málum og enginn veit hver þróunin verður. Það er því ekki að undra þótt fólk leiti í önnur störf en með því hverfur mikilvæg þekking,“ segir Magnús. karen@frettabladid.is

Ræðst gegn verkjum

Paratabs®
– Öflugur verkjabanil!

Notkunarsvið: Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tanntverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum influensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnaða eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarks-skammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstgjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjól en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolast almenn vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlagðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

LYFJA
- LIFB heil

actavis
hagur í heilsu

Takið vel á móti fermingarbörnum



Þau safna fyrir
Hjálparstarf
kirkjunnar
5. og 6. nóvember



**Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.help.is

Sigurður ráðinn prófessor: Segir ráðninguna mega verða til eftirbreytni

MENNTAMÁL Sigurður Líndal, prófessor emeritus, hefur verið ráðinn prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst. Sigurður mun kenna réttarsögu og þætti í stjórnskipunarrétti, réttarheimspeki og lagahugsun auk almennrar lögfræði og sinna rannsóknum við skólann.

„Sigurður Líndal hefur verið fremsti kennari í lögfræði hérlendis um áratuga skeið og hann hefur kennt hér við Háskólann á Bifröst við frábæran orðstír,“ sagði Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, í tilkynningu um ráðninguna.

„Þetta mætti verða til eftirbreytni að nýta starfskrafta þeirra sem komnir eru yfir þau aldursmörk sem starfsgengi manna er oftast miðað við,“ sagði Sigurður sjálfur um ráðningu sína en hann er 74 ára gamall.



**SIGURÐUR
LÍNDAL
PRÓFESSOR**

Lögregla fór líkvillt:

Birtist lifandi eftir líkbrennslu

BRETLAND 39 ára gamall breskur maður kom í leitirnar í vikunni, daginn eftir að fjölskylda hans taldi sig hafa verið viðstadda líkbrennslu hans.

Í október fann lögreglan í Nottingham lík óþekktis manns. Starfsmaður á nærliggjandi geðsjúkrahæimili taldi þetta vera mann sem hún hafði annast seinustu sex mánuðina. Var því haft samband við fjölskyldu mannsins, líkið brennt í líkbrennsluofni og útför haldin.

Daginn eftir fann lögreglan manninn sprellifandi og misskilningurinn kom í ljós.

- sgi

Reykjavíkurborg hefur gengið frá samningi um kaup á Austurstræti 22:

Úr eigu afkomenda Haraldar í Haraldarbúð

SKIPULAGSMÁL Borgarráð hefur samþykkt kaup á einkahlutafélaginu Austurstræti 22 ehf. og eignast þar með byggingarrétt við Austurstræti 22. Eignin fer því úr eigu afkomenda Haraldar sem rak Haraldarbúð á fyrri hluta síðustu aldar.

Eigendur skemmtistaðarins Pravda lýstu á sínum tíma áhuga á að halda rekstri áfram í húsinu.

„Niðurstaðan varð sú að húsið er ónýtt og leigusamningur því úr gildi fallinn,“ segir Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður.

Eignamiðlun mat verðmæti byggingarréttarins á 170 milljónir króna. Umsamið kaupverð er 263 milljónir króna en með kaupunum fylgja váttryggingabætur að fjárhæð 95 milljónir. Nettókaupverð fyrir byggingarrétt á lóðinni er því 168 milljónir.

Kristbjörg segir samninginn um Austurstræti hafa verið forgangsverkefni og að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort nauðsynlegt sé að borgin eignist Lækjargötu 2, en þær hugmyndir sem komið hafi fram um uppbyggingu hússins séu í samræmi við hugmyndir borgarinnar.

Á borgarráðsfundi lagði borgarstjóri fram erindisbréf um skipun stýrihóps vegna uppbyggingar í Kvosinni. Hópnum er gert að þróa frekar skipulagshugmyndir í Kvosinni og kanna kosti þess að stofnað verði þróunarfélag um framkvæmd og framvindu verkefnisins að hluta til eða í heild.

- eb

FYRIR BRUNANN Austurstræti 22 mun taka á sig breytta mynd og tengjast enduruppbyggingu Nýja bíós.



CHENEY OG VADER Hvíta húsið grínast með svipað útlit heiðursmannanna tveggja.

Dick Cheney líkist Darth Vader:

Bush uppnefnir varaforsetann

BANDARÍKIN, AP Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, hefur viðurkennt opinberlega að honum svipi til Darth Vader, illmennisins úr Stjörnustríðsmyndunum.

„Ég hef verið spurður hvort þetta viðurnefni angri mig,“ sagði varaforsetinn í ræðu nýverið. „Svarið er nei. Darth Vader er eitt af því skásta sem ég hef verið kallaður undanfarið.“

„Ég spurði varaforsetann hvaða búngi hann ætlaði að klæðast á hrekkjavöku í ár,“ sagði George Bush Bandaríkjaforseti á fundi á dögunum. „Hann sagðist þegar vera í honum. Svo muldraði hann eitthvað um myrku hlið máttarins.“

- sgi

Próun í lögmennastétt:

Ungu konurnar eru að vinna á

LÖGMENNSKA Lögmenn sem starfa hjá fyrirtækjum og félagsamtökum eru 34 prósent starfandi lögmanna. Um 38 prósent þessara lögmanna starfa hjá hinu opinbera en meirihlutinn, 62 prósent, er hjá fyrirtækjum og félagsamtökum. Af þeim eru langflestir hjá fjármálafyrirtækjum. Þetta kemur fram í Lögmannablaðinu.

Hlutfallslega fleiri konur en karlar starfa hjá opinberum aðilum en jafnari skipting er innan fjármálafyrirtækja. Um þriðjungur kvenna á aldrinum 30-39 ára, eru framkvæmdastjórnar eða forstöðumenn en 36,4 prósent karla. Konur eru oftar deildarstjórnar eða yfirlögfræðingar en karlar. „Samkvæmt því eru konur í yngri aldurshópnum að vinna á,“ segir Hrafnhildur Stefánsdóttir lögmaður í blaðinu.

- ghs

HEILBRIGÐISMÁL

Biðlistar stytast á Akureyri

Biðin eftir öldrunarrýmum á Akureyri hefur styst verulega á árinu, að því er fram kemur á vef bæjarins. Í janúar biðu samtals 44 eftir dvalar- eða hjúkrunarrýmum en í október voru 21 á biðlista. Félagsmálaráð bæjarins fagnar þessari jákvæðu þróun.

JAFNRÉTTISMÁL

Negrastrákar harmaðir

Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar harnar endurútgáfu barnabókarinnar Tíu litlir negrastrákar. Í bókun nefndarinnar segir að boðskapur bókarinnar byggist á úreltri hugmyndafræði og rasisma sem eigi ekki erindi til barna í dag.

BRAKANDI SNILLD!

Nóa kropp tekur sig vel út í nýju umbúðunum en gómsætu súkkulaði húðuðu kornkúlurnar eru eins og alltaf - brakandi snilld!

NÓA
KROPPA

NÓA SÍRÍUS
www.noi.is

Brýnt er að setja lög um þátttöku sveitarfélaga í einkarekstri.

Um vélar og vélamenn

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Ítarlegar fréttaskýringar í síðustu viku um afmarkaða þætti í einkavæðingu orkugeirans á Íslandi vekja fleiri spurningar en svör. Það var hárrétt hjá Hannesi Smárasyni í FL-grúppunni að greina vandamál GGE og REI svo að samrunasamningurinn stæðist þar til annað kæmi í ljós, vandi borgarstjórnar væri hik, stjórnunar- og stjórnsýsluvandi. FL-grúpan seilist leynt og ljóst inn í eignarhald og umsýslu á jarðorku hér á landi til að geta hert sókn sína í Kína, Bandaríkjunum, Indónesíu og víðar.

Ef litið er yfir blaðaumfjöllun um einkarekstur í orkugeiranum undanfarin ár vakna ósjálfrátt grunsemdir um að þar hafi margt farið saman og hending ein ráði ekki: lög eru sett um samkeppni, hlutfélög stofnuð um orkuveitur, smærri veitur keyptar upp af stærri, hlutur sveitarfélaga í Landsvirkjun seldur á undirverði, Landsvirkjun selur hlut sinn GGE í reyndasta útrásarfyrirtækinu, Enx sem OR á enn hlut í. Samrunaferli GGE og REI er smurt með kaupréttarsamningum þannig að samningurinn er ógildur í fljót-ræðinu. Eins og Megas kvað: Formsatriði var ekki fullnæg.

Óþarfi er að dvelja hér við tvískinnung sjálfstæðismanna til þátttöku í einkarekstri og heldur óklára afstöðu Samfylkingarinnar – enn síður hið furðulega sjálfstæði stjórnenda OR til að hygla sjálfum sér – öll sú endaleysa hefur veikt pólitíska fulltrúa í borgarstjórn mikið og mun líklega kosta einhverja embættismenn ferilinn í opinberri þjónustu eftir stjórnsýsluúttekt. Vaknar sú spurning hvort fólk sem vasast hefur í pólitík eigi eitthvað í harðsnúna karla úr einkageiranum. Í samanburði við jaxla eins og Hannes verða blöðlyndir borgarstjórnarmenn eins og börn í höndum misindis-manna: heltekin af Stokkhólmseinkenninu.

Kyndugur í öllu þessu óskyra ferli er hlutur Bjarna Ármannssonar: hann gengur úr Glitni með útroðna vasa og hefur þá lagt línurnar um sérstaka orkudeild í þeirra húsum og bankinn sett fé í GGE, væntanlega undir vakandi auga hans. Áður en varir dúkkar hann upp í REI sem aðalfjárfestir og stendur hratt fyrir samruna við GGE sem stórir hluthafar í Glitni eiga. Það er mikil peningalykt í loftinu, fnykur, eins og þegar Geir gamli bræddi grúttinn og Reyk-víkingar þekktu.

Ög nú hika sveitarfélögin á Suðurnesjum að nýta forkaupsrétt sinn í Hitaveitu þar. Hvar skyldu þau vera með viðskipti? Hafa bankar slík tök á sveitarstjórnnum að þær verða að lúta hagsmunum hluthafa bankanna í óskyldum rekstri?

Eign í íslenskum orkufyrirtækjum gefur einkafyrirtækjum forskot á erlendum mörkuðum. En þær fjárfestingar þurfa þolinmóða sjóði og getur brugðið til beggja vona. Þátttaka opinberra aðila í slíkum ævintýrum gæti veitt aðgang að þolinmóðu fjármagni með lægri ávöxtunarkröfu en heimtuð er víða annars staðar. Er skattgreiðendur til í þá lánastarfsemi?

Kapphlaupið um einkavæðingu orkugeirans er langhlaup. Verst er að ekki er alveg ljóst hverjir er liðstjórnir í keppnisliðunum, hverjir setja takmörkin eða ráða reglunum, né hverjir eru styrktar-aðilar í því maraþoni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRNAR: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3971.

HÁSKERPA

HEIM Í STOFU

TILBOÐ

79.900,-

MIRAI 32" LCD háskerpusjónvarp

WWW.SVAR.IS · SÍÐUMÚLA 37 · SÍMI 510 6000

FRÁ DEGI TIL DAGS

Dofri hættir

Óssur Skarphéðinsson iðnaðarráð-herra upplýsti það á bloggsíðu sinni í fyrradag að Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri þingflokks Samfylkingarinnar og varaborgarfulltrúi, hygðist vilja úr fyrrnefnda starf-inu. Dofri ætlaði raunar að greina þingflokki frá þessu í dag, en Óssur hefur líklega ekki getað staðist mátið að blogga um þetta. Dofri mun láta af störfum um áramótin og ætlar að einbeita sér frekar að borgarmálunum. Meira er fyrir varaborg-arfulltrúana að gera eftir að Samfylkingin komst í meirihluta.

Brugðust

„Okkur finnst allir fulltrúar meiri-hlutans í stjórn OR hafa brugðist okkur, Haukur Leósson, Vilhjálmur og Björn Ingi.“ Þetta segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðis-flokks, í fréttaskýringu Morgunblaðs-ins um REI-málið. Líklega hefur Gísli ekki áður lýst yfir jafn mikilli óánægju með Vilhjálm, oddvita borgarstjórnarflokks síns, en þarna. Í fréttaskýringunni fara aðrir borgar-fulltrúar Sjálfstæð-isflokksins einnig hörðum orðum um fulltrúa sína í stjórn Orkuveitunnar.

Í góðum félagsskap

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, var í góðum félagsskap á föstudag í flugi til landsins frá Noregi. Með henni í vélinni voru átta meðlimir Vítisengla sem, eins og frægt er orðið, þurftu frá að hverfa eftir að þeim var neitað um landgöngu. Ráðherrann fyrirverandi er ekki ókunnug bifhjólaköppum, enda mikill mótörhjólakappi sjálf. Líklega kys hún þó frekar að blanda geði við löghlyðna ökuþóra.



Úrtöllumenn

Samkvæmt frétt BBC hinn 23. Október hefur magn koltvísýr-ings í andrúmsloftinu aukist hraðar en Vísindanefnd Samein-udu Þjóðanna um loftslagsbreyt-ingar gerði ráð fyrir. Aukningin er 35% hraðari en á síðasta áratug 20. aldarinnar og er einkum rakin til hagvaxtar í Kína og öðrum fjölmennum ríkjum. Einnig hefur nýting á hverjum olíulítra minnkað hvað sem líður fagurgala bílaframleiðenda.



GUBMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Loftslagsmál

Eyðing eða uppbygging

Aukin losun gróðurhúsaloft-tegunda skýrir þó ekki nema 17% af þessari tölu. 18% prósent eru til komin vegna minnkandi getu jarðarinnar til að binda kolefni.

Það þarf með öðrum orðum að gera miklu betur – á öllum vígstöðvum. Það þarf að auka þrýstinginn á bílaframleiðendur og herða leitina að öðrum orkugjöfum. Það þarf að minnka losun, það þarf að auka bindingu. Og það þarf að vernda regnskóga en skógareyðing veldur um 25% af losun kolefnis árlega.

Ekki er nóg að binda kolefni með skógrækt eins og manni virðist að Íslendingar séu að reyna að telja sér trú um að dugi, með hinum undurþægilegu aflátsbréfum sem kennd eru við Kolvið: um leið og við endur-heimtum mýrlendi og gróður-setum tré þar sem það á við þurfum við að hætta að aka um á pallbílum og jeppum og öðrum eyðslufrekum bílum nema brýna nauðsyn beri til.

Ýmislegt bendir til þess að vitundarvakning sé að verða um allan heim, sem birtist í smáu og stóru: til dæmis áhuga ýmissa Asíuþjóða á að nýta jarðvarma-orku, sem gæti orðið að veru-leika með atbeina Íslendinga ef menn hér hætta að vera svona miklir endemis klaufar við að stofna fyrirtæki.

Íslandsdeild Repúblíkanaflokksins

Vottur um þessa vakningu voru friðarverðlaun Nóbels til handa Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóð-anna og Al Gore fyrir málflutning hans og einkum myndina An Inconvenient Truth. Víða var þessu fagnað en Íslandsdeild Repúblí-kanaflokksins brást ókvæða við. Hannes Hólmsteinn Gissurarson hóf ritun greinaflokks þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að okkur bæri að láta reka á reidanum og ekki fara í björgunarbátana fyrr en öruggt væri að við færumst. Og Egill Helgason taldi Al Gore í hópi óverðugustu verðlaunahafa allra tíma í pistli á heimasíðu sinni; fékk svo Hannes Hólmstein í þátt til sín sem sérlegan sérfræðing og ráðu-naut í loftslagsmálum.

Málflutningur þessara nýkóna einkennist af stöðugu undanhaldi en þó er barist um hvert hús. Svona skrifa þeir:

- 1) Ég má alveg segja þetta þó það sé kannski rangt og fólk sem andmælir mér er haldið pólitískri réttshugsun og vill ritskoðun og bókabrennur.
- 2) Það er ekkert að hlýna í veröldinni.
- 3) Þó að það sé að hlýna í veröldinni þá er það ekki vegna gróðurhúsaáhrifa heldur eru þetta bara eðlilegar sveiflur.
- 4) Þó að það sé að hlýna í veröldinni vegna gróðurhúsaáhrifa þá er hlýnunin góð vegna þess að okkur líður vel í sólbaði og gróðurinn vex hér hjá okkur.

Hvað er það og hvar er það?

UMRÆÐAN

Félag leiðsögumanna

Undirritaður er búinn að vera leið-sögumaður í þrjátíu ár og hefur upp-lifað margs konar stjórnir í félaginu sínu. Nokkuð hefur verið spunnid í flestar. Ein hefur unnið félögum mínum meira ógagn en einbeittum andstæðingi hefði tekizt.



FRÍÐRIK HARALDSSON

Stundum virðist sem stjórnarfólk okkar geti vart verið skyni skroppnara um félags-mál, lausara við virðingu fyrir lögum og reglum og verr að sér í mannasíðum. Því miður ríkir stundum svipað ástand annars staðar.

Ein stjórn braut félagið í tvennt og kipti burðarstólpunum undan því. Félagið varð að athlægri og ómerkingi, þegar ófaglærðu fólk var gert herra undir höfði innan þess en upphaflegum og faglærð-um leiðsögumönnum. Engin félagsstjórn hefur komizt í pinlegri aðstöðu af eigin frumkvæði. Önnur stjórn þverskallaðist og lagði tálma í veg allra heiðarlegra tilrauna til að breyta þessari stöðu. Hún afrekaði m.a. að draga boðun fundar um úrsögn eða veru í ASÍ frá framhaldsaðalfundi

félagsins í apríl til þessa dags og hann hefur ekki verið boðaður enn þá.

Um miðjan október og spurði formaður félagsins, hvort ekki væri hægt að sættast á frekari frestun fundarboðunar vegna komandi kjarasamninga. Undirritaður kvaðst sér vera orðið ósárt um flest, sem snertir þetta félag, en það formanninn var tilvupóst í þessa veru. Hann barst ekki fyrr en 2. nóvember, eftir að erindi um tafarlausa boðun fundar var sent stjórn félagsins.

Þar sem pistill af þessu tagi virðist ólíklegur til að birtast óritskodaður í fréttabréfi félagsins, telur undirritaður nauðsynlegt að koma honum á framfæri í almennum fjölmiðli, svo að hann berist sem flestum okkar ihlutunarlaust.

Félagar, sem hafa nennt að fylgjast með framvindu réttindabaráttu okkar, vita, að úrsögn úr ASÍ er leiðsögumönnum nauðsynleg til framdráttar. Veran þar varð til þess, að meðvitundarlausri stjórn tókst að opna öllum aðgang að félaginu án samráðs við kóng eða prest. Mjög er efast um lögmæti þess gernings og lögfærðingalítt styður efann. Félagar eru hvattir til að leggja viðsnúningi lið og sækja fund um þetta mál, ef hægt verður að tófra fram fundarboðun.

Höfundur er leiðsögumaður.

Ódýrastir í átján ár

UMRÆÐAN

Matvælavæð

Okkur hefur eins og mörgum blöskrað sú umræða og sú árás sem Bónus hefur þurft að þola síðustu daga. Þegar við stofnuðum Bónus fyrir 18 árum var frá fyrsta degi ákveðið að fyrirtækið byði alltaf vörur sínar á betra verði en samkeppnisaðilar þess. Þessu hefur núverandi framkvæmdastjóri Bónuss, Guðmundur Marteinson, fylgt í störfum sínum, en hann tekur í dag allar verðákvarðanir fyrir Bónus.

Í síðustu viku hóf ríkisfjölmiðillinn árás á fyrirtækið og það sem það hefur staðið fyrir frá upphafi í skjóli nafnlausrar ásökunar. Rannsóknarblaðamennska RÚV leiddi í ljós að húsmóðirin frá RÚV fékk vörurnar á sama verði og fréttakonan frá RÚV. Ekkert óeðlilegt kom fram í starfsemi Bónuss. Engar blekkingar áttu sér stað í Bónus. Þrátt fyrir það höfum við frá þeim tíma þurft að sitja undir því að Bónus sé þátttakandi í ólög-mætu samráði á matvörumarkaðnum hér á landi og stundi blekkingar gagnvart viðskiptavinum sínum. Margir hafa fjallað um málið, án þess að nokkuð hafi verið borið á borð, sem staðfestir að um samráð eða blekkingar hafi verið að ræða. Enginn hefur komið fram undir nafni og staðfest verðsamráð, þvert á móti hafa þeir sem komið hafa fram undir nafni lýst því yfir að þeir hafi enga trú á því að samráð sé tíðkað á matvörumarkaðnum, sem er hið rétta í málinu.

Nafnlaust bréf sem Morgunblaðið birti svo ósmekklega sl. föstudag er algjörlega marklaust enda nær daglegur viðburður að ráðist sé að fyrirtækjum okkar í nafnlausum dálkum Morgunblaðsins. Frægt er þegar upp komst að ritstjóri Morgunblaðsins hefði bruggt ráð um að koma okkur feðgum fyrir kattarnef, eins og hægt var að lesa um í þeim tölvupóstum sem birtir voru í Fréttablaðinu í september 2005.

Annað sem hefur komið upp í umræðunni er að við beitum birgja pressu við innkaup. Það er vissulega rétt. Staðreyndin er sú að viðskiptin ganga út á að fá vörur á sem hagkvæmasta verði á hverjum tíma, enda er það krafa neytenda, sem fyrirtæki okkar leitast við að uppfylla. Við getum fullyrt að heilðsöluaðilar lækka ekki verð að eigin frumkvæði, því er eðlilegt að tekist sé á um verð. Fyrirtæki



JÓHANNES JÓNSSON



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

okkar selja matvörur í Bretlandi, Færeyjum, Danmörku og Íslandi. Við getum sýnt fram á að samkeppnin er mest á Íslandi. Innflutningshöft eru einnig mest á Íslandi sem er eitthvað sem þjóðin getur ekki sætt sig við til framtíðar, enda eru þau eina ástæðan, ásamt fjarlægð landsins, fyrir háu matvöruverði hér á landi.

Við höfum ekki rangt við gagnvart okkar viðskiptavinum. Neytendur vita að lægsta verðið er í Bónus, hefur verið það og verður það meðan við ráðum.

Við erum sannfærðir um að við værum á sama stað með Bónus í dag þótt aldrei hefði verið tekin verðkönnun. Við höfum ávallt rekið Bónus með því hugarfari að neytendur eigi viðskipti við okkur aftur. Við höfum ekki rangt við gagnvart okkar viðskiptavinum. Neytendur vita að lægsta verðið er í Bónus, hefur verið það og verður það meðan við ráðum. Það kostar mikla fjármuni í rekstri Bónuss að halda úti umsvifamiklu verðlagseftirliti, en með því getum við staðið undir þeim loforðum, sem við höfum gefið íslenskum neytendum sl. 18 ár og munum gera áfram um lægsta verðið í Bónus. Mikligarður féll á sínum tíma með því að villa um fyrir neytendum í verðkönnun. Hið sama gerði Krónan í síðustu viku. Það var ástæða þess að Bónus dró sig út úr verðkönnun ASÍ. ASÍ hefur í tvö ár neitað að viðurkenna að helsti samkeppnisaðili Bónuss hefði rangt við í verðkönnunum, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar. Skyldi það vera vegna þess að framkvæmdastjóri ASÍ er fyrrum stjórnarformaður Kaupás, sem rekur Krónuna og fyrrum samstarfsmaður núverandi framkvæmdastjóra Kaupás, hver veit?

Að lokum viljum við þakka þann stuðning sem okkur hefur borist á síðustu dögum frá fjölda viðskiptavina og núverandi og fyrrverandi starfsmanna og fyrrverandi starfsmanna Bónuss. Við neytendur viljum við segja: gerið ykkar eigin könnun á verðlagi í verslunum. Við höfum engum að treysta nema ykkur og okkar starfsfólki.

Höfundar eru stofnendur Bónuss.

AF NETINU

Davið

Ofboðslega einkennileg umræða er farin í gang um hvers vegna Davíð Stefánsson fékk ekki Nóbelsverðlaunin. Má vel vera að fyrir norðan þyki fólki að Davíð hafi verið hlunnfariinn – en annars staðar í veröldinni hefur aldrei heyrst að Davíð hafi verið talinn verðugur slíkra verðlauna. En Akureyringar hafa löngum verið sjálfum sér nægir og auðvitað hefðu þeir fyrir löngu átt að stofna sín eigin Nóbelsverðlaun, sbr. textann fræga – „við höfum KEA, við höfum Lindu, við höfum Amaro...við þurfum ekkert að sækja suður...”

Egill Helgason
eyjan.is/silfuregils

Hassbrunnir montrassar

Ég skil ekki einæði kerfisins gegn vísinglum. Efast um, að þeir séu eins umfangsmiklir í glæpum og látið er í veðri vaka. Þetta eru menn, sem ganga um með auglýsingar framan á sér og aftan. Amatörar, engir stórkarlar í fíkniefnasölu og handrúkkun. Alvöru glæpamenn auglýsa ekki, hverjir þeir séu. Hvað hafa svo vísinglar gert af sér, annað en að snapa fæting við aðrar klíkur montrassa á mótorhjólum? eru einhverjar sannanir á takteinum? Í samanburði við ekta glæpamenn eru vísinglar aumari en skátar. Þetta eru einkum hassbrunnir

montrassar, sem snapa ýfingar við umhverfi sitt.

Jónas Kristjánsson
jonas.is

Eðlilegar ávöxtunarkröfur

Í mínum huga er það miklu skárrí tilhugsun að Orkuveitan tapi skrálljónum í orkuævintýri í Suðaustur Asíu en hitt – að hún myndi GRÆÐA skrálljónin á því að braska með orkuveitur í þriðja heiminum. Og áður en kverúlantarnir fara að tuða hér í athugasemdakerfinu um gildi alþjóðviðskipta – þá eiga þær gróðahugmyndir sem voru kynntar í tengslum við þetta verkefni ekkert skylt við eðlilegar ávöxtunarkröfur.

Ármann Reynisson hefði verið dæmdur í fangelsi fyrir svona hugmyndir á sínum tíma...

Stefán Pálsson
kaninka.net/stefan

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar.

kl. 08:00

Á FÖSTUDAGINN

FYRSTA TÖLUBLAÐ ÞJÓÐÓLFSS KOM ÚT PENNAN DAG ÁRIÐ 1848. FYRSTI RITSTJÓRI ÞESS VAR SR. SVEINBJÖRN HALLGRÍMSSON.

„Tímaritin eiga að benda á brestina bæði í þjóðfélaginu yfir höfuð og líka á annmarkana á einstökum sviðum.“

Sr. Sveinbjörn Hallgrímsson var prestur á Suðurnesjum.



ÞETTA GERÐIST: 5. NÓVEMBER 1925

Njósnaarinn Sidney Reilly myrtur

Liðsforinginn Sidney George Reilly var þekktur sem afburðanjónsari eða „ace of spies“ eins og hann var oft kallaður. Hann fæddist líklega í Rússlandi en annars sagði hann ýmsar sögur um uppruna sinn. Hann flúði þó þaðan á unglingsárum og kallaðist þá ýmist Salomon eða Sigmund Rosenblum. Reilly var í þjónustu Bresku leyniþjónustunnar og reyndar er talið að hann hafi njósnað fyrir að minnsta kosti fjórar þjóðir. Reilly var mikill ævintýramaður og var hann meðal annars fyrirmyndin að James Bond sem Ian Fleming skapaði. Í dag álit margir Sidney Reilly vera dæmigerða frum-



mynd ofurnjónsara tuttugustu aldarinnar.

Það væri of langt mál að rekja öll hin ótrúlegu ævintýri Sidney Reilly hér en ævi hans lyktaði þannig að sovéskra leynilög-reglan OGPU lokkaði hann til Sovétríkjanna þar sem hann var síðar tekinn af lífi í skógi nálægt Moskvu hinn 5. nóvember 1925. Hann vann að því að steypa bolsévíkastjórninni af stóli og var þar af leiðandi þynnir í augum sovéskra stjórnvalda. Enn er margt á huldu um ævi Sidney Reilly en árið 2000 voru opnuð leyniskjöl frá bresku leyniþjónustunni sem staðfesta andlát hans þennan dag fyrir áttatíu og tveimur árum.

MERKISATBURÐIR

- 1935 Matador-spilið er kynnt í Bandaríkjunum af Parker Brothers Company.
- 1940 Franklin D. Roosevelt er kosinn forseti Bandaríkja og hefur sitt þriðja kjörtímabil.
- 1963 Fornleifafræðingar finna leifar víkingabyggðar í L'Anse aux Meadows á Nýfundnalandi.
- 1986 Hvíta húsið í Washington staðfestir bann á vopnasölu til Írans.
- 1992 Á Alþingi er felld tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.
- 1998 Sameinuðu þjóðirnar tilkynna að herir talibana hafi myrt um 5.000 manns þegar þeir tóku yfir bæ í Afganistan.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Síldin kemur til Vestmannaeyja

Fyrsta síldin kom til Vestmannaeyja á síðustu dögum október.

Það var Sighvatur Bjarnason VE 81 sem kom inn með 900 tonn sem sjómenn skipsins fönguðu í þremur köstum við Grundarfjörð á fimmtudag, en eitt kastid var á bilinu 6-700 tonn. Að sögn Jóns Norðfjörð, skipstjóra á Sighvati Bjarnasyni, er síldin góð og falleg ásýndum, og afar góð til

vinnslu, en Jón telur síldarstofninum ekki til góds að leyfa flottrólsveiðar og rétt sé að veiða eingöngu í nótt.

Vinna á síldaraflanum er hjá Vinnslustöð Vestmannaeyja og verður unnið á vöktum.

Einmuna ótíð hefur verið það sem af er hausti og hefur valdið sjómönnum erfiðleikum við veiðar á silfri hafssins.

Af vef www.sudurland.is



SÍLDIN KEMUR Sighvatur Bjarnason VE 81 kom drekkhlaðinn til Vestmannaeyjahafnar á föstudag.

Nýmið á nýjum miðum

Vefritið Nýmið hefur tekið við af vefritinu Vefpúls sem gefið var út af Iðntæknistofnun, en það er von Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands að Nýmið veiti lesendum haldgóðar fréttir og upplýsingar á sviði nýsköpunar, rannsóknar og þróunar.

Nýmið kom út í fyrsta sinn hinn 1. nóvember en markmið þess er að koma út mánaðarlega og skýra frá helstu atburðum sem við koma Nýsköpunarmiðstöð Íslands, eins og frum-


kvöðlastarfsemi, nýsköpun, tækni, byggingamálum, umhverfismálum og fleiru. Meðal efnis nú er umfjöllun um samkeppnisaðstöðu Íslands, námskeið í steinsteypufræðum, nýja útgáfu bókarinnar Plast, áttak til atvinnusköpunar og sérhæfð námskeið á vegum Impru.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig og fá til sín vefritið Nýmið, geta skráð sig á póstlista á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, www.nmi.is.



NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS Húsakynni Nýsköpunarmiðstövar Íslands er á Keldnaholti, en á þessari mynd er húsið enn merkt Iðntæknistofnun.

MYND/EINAR KARLSSON



SVEINN RUNÓLFSSON LANDGRÆÐSLUSTJÓRI „Gróðurframfarir hafa orðið á síðustu árum bæði af völdum manna og hlýnunar veðurfarar,” segir Sveinn, sem hefur verið landgræðslustjóri frá 1972.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS: ÁRANGURSRÍKT STARF Í HEILA ÖLD

Fjórtán milljarðar til uppgræðslu á liðnum 100 árum

„Sandgræðsla Íslands hét þessi stofnun þegar hún var sett á laggirnar fyrir hundrað árum. Við teljum að þetta sé elsta starfsemin á sviði jarðvegsverndar í heiminum sem starfað hefur óslitið síðan,” byrjar Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, beðinn að segja í stórum dráttum sögu Landgræðslu ríkisins sem fagnar aldarafmæli um þessar mundir. Heldur síðan áfram: „Um aldamótin 1900 var Ísland eitt fátækasta ríki í Evrópu og ástand gróðurmála víða skelfilegt. Eyðing skóganna hafði haft afdrifari á búsetu Íslendinga og sandfok og auðn var að leggja byggðir í eyði. Þá voru það nokkrir framfarasinnaðir menn eins og Hannes Hafstein Íslandsmálaráðgjafi sem gerði sér grein fyrir hvert stefndi og með baráttu og harðfyllgi fengust haustið 1907 samþykkt á Alþingi lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.“

Sveinn segir Hafnfirðinginn Gunnlaug Kristmundsson hafa verið sendan á vegum stjórnvalda til Danmerkur að læra um sandgræðslu því þar höfðu menn reynt af slíku starfi á jósku heidunum. Hann kom til baka vorið 1907 og byrjaði þá, ásamt Agnari Kofod Hansen, að leggja á ráðin um aðgerðir. „Það var á Reykjum í Árnessýslu sem formlegt sandgræðslustarf hófst. Þá var ekki annað að sjá en Skeiðin mundu leggjast algerlega undir sand. Framkvæmdir sandgræðslumála fyrstu 40 árin fól-

ust fyrst og fremst í að girða og friða verstu sandfokssvæðin fyrir ágangi búfjár. Síðan að hlaða varnargarða og sáldra melfræi meðfram gördunum. Gunnlaugur starfaði óslitið að sandgræðslumálum í 40 ár og vann ótrúlegt afrek. Á því tímabili var þó aðeins varið 40-50 milljónum króna til landgræðslu á verðlagi ársins 2006. Það er ótrúlegt hverju frumherjunum tókst að koma í verk við erfiðar aðstæður. Eitt er víst að kaupid hefur ekki verið hátt og ekki verið dvalið lengi í mat og kaffi.“

Faðir Sveins, Runólfur Sveinsson, tók við sandgræðslustarfinu 1947. Hann flutti inn grasfræ og tilbúinn áburð, lagði áherslu á að draga úr beit á viðkvæmu landi og nýtti þá vél-tækni sem var að ryðja sér til rúms. Hann féll frá 1954 og bróðir hans Páll tók við sem sandgræðslustjóri. Páll tók flugvélar í sína þjónustu og það var stórt skref. Þær voru notaðar alveg fram á síðustu ár en nú hafa bændur með sín tæki tekið við hlutverki flugvéla og Sveinn kveðst afskaplega ánægður með það.

„Það er mikið atriði að virkja bændur sem hafa beitarumráð yfir öllu Íslandi í því að endurheimta landgæði. Árið 1990 hófst formlegt samstarf við þá sem við köllum „Bændur græða landið“ og í dag eru um 650 bændur aðilar að því verkefni. Landgræðslan hefur þannig breyst frá því að vera framkvæmdastofnun þar sem starfsfólk hennar vann við að girða, sá og

bera á í stórum stíl í það að vera ráðgjafarstofnun fyrir landeigendur og aðra landsmenn sem taka þátt í uppgræðslunni.“

Lög um landgræðslu voru sett 1965. Eftir það heitir stofnunin Landgræðsla ríkisins. „Stóra skrefið í starfinu var þjóðargjöfin 1974,” segir Sveinn. „Hún hafði gríðarleg áhrif í landgræðslu, skógrækt og rannsókn- um því í henni fólust stærri fjárfram- lög til þeirra mála en áður.“

„Okkur telst til að varið hafi verið 14 milljörðum króna í þessi hundrað ár til að græða landið okkar, á verðlagi ársins 2006. Það er nokkurn veginn sama upphæð og varið var til vegamála árið 2006.“

Sveinn segir gróður og jarðveg eyðast víðs vegar um landið enn í dag. Ástandið sé verst á hálendisbrúnni sunnanlands og á Norðausturlandi, það er að segja á eldfjallasvæðunum. Þó sé í fyrsta sinn í ellefu hundruð ár meira land að gróa upp en það sem eyðist árlega.

„Okkar reynsla og þekking í baráttunni við landhnignun veur athygli erlendis,” lýsir Sveinn og er ánægður um með þá ákvörðun stjórnvalda að hleyppa af stokkunum landgræðsluskóla, þróunarverkefni í samvinnu við háskóla Sameinuðu þjóðanna. „Það finnst okkur stórkostleg afmælisgjöf og viðurkenning á því starfi sem búið er að vinna,” eru lokaorð hans í þessu spjalli.

gun@frettabladid.is

Jóla kortanámskeið
verður haldið í Föndru í kvöld frá klukkan 19.00 til 21.30. Á námskeiðinu eru gerð þrjú mismunandi kort og kenndar ýmsar aðferðir við kortagerð. Námskeiðsgjald er 3.500 krónur og er allt efni innifalið en koma verður með lítil skæri.



Dýnudagar standa yfir í Húsgagnahóllinni og þar sem búið er að afnema virðisaukaskattinn af öllum dýnum er hægt að fá þær á fínu verði. Ýmis önnur tilboð eru einnig í gangi og má til dæmis fá margt fallett í svefnherbergið og barnaherbergið með tölurverðum afslætti.



Sængur og koddar er gott að viðra annað slag til þess að losna við ryk og fá ferska lykt í svefnherbergið. Vonlaust er þó að viðra rúmfötin þegar stöðugt rignir og því ágætt að grípa tækifærið strax og stytta upp.

allt

FELLIHURÐIR ★
Verð frá kr. 15.900.-

HURÐIR

Mex byggingavörur
Lynghálsi 3 Árbæjarhverfi
Símar 567 1300 & 848 3215
www.byggingavorur.com

STIGAR

GLÖFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNADARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI

LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900

HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000

HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Ólöf Sverrisdóttir leikkona og uppáhaldshluturinn hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Englagjöf frá dóttur

Ólöf Sverrisdóttir er leikkona með meistara-gráðu í verklegri leikhúsfraeði. Hún á fallega mynd eftir dóttur sína sem hún heldur mikið upp á.

„Dóttir mín bjó þessa mynd til þegar hún var sex ára og gaf mér í jólagjöf. Þetta var svo falleg lita-samsetning hjá henni og ótrúlega flott mynd miðað við aldur, enda hefur hún alltaf verið mjög handlagin,“ segir Ólöf og bætir við að myndin hafi verið ágætis fyrirboði um framtíð litlu stúlkunnar, sem er nú sautján ára nemi við hönnunar- og listnámsbraut Iðnskólans.

„Mér fannst myndefnið sýna að henni leið vel úr því hún valdi að teikna engil,“ útskýrir Ólöf, sem reynir þó að vera ekki of háð hlutum.

„Ég hef margsinnis flutt og þá þýðir lítið að binda sig við hluti. Ég átti einu sinni tvo uppáhaldshluti sem ég keypti í Grikklandi og voru þetta platti og vasi sem mér þótti afar vænt um. Svo kom einu sinni

vinkona dóttur minnar í heimsókn og þá brotnaði vasinn og varð ég mjög sár og svekkt og lá við að ég yrði reið út í stelpuna. Það fékk mig til að staldra við og hugsa að þetta gengi ekki, ég mætti ekki láta hluti skipta meira máli en manneskjuna og því borgaði sig ekki að vera of háð hlutum,“ útskýrir Ólöf einlæg. Hún er með mörg járn í eldinum og hefur mikið verið að kenna í vetur.

„Það sem er nú á döfinni er námskeið sem ég kenni hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og hefst það 7. nóvember. Námskeiðið er ætlað grunn- og leikskólakennurum og þroskaþjálfum. Á námskeiðinu verða sýndar ýmsar leiðir til að kenna börnum að tjá sig í leik eftir þroska og getu hvers og eins,“ segir Ólöf, sem kennir einnig í Varmalandi í Borgarfirði og í Sönglist í Borgarleikhúsinu auk þess sem hún sér um barnastarf í Borgarbókasafninu og hefur kennt námskeið í Mími. Í deigluinni eru svo leiklistarnámskeið á fjarkennsla.is og námskeið fyrir full-orðna eftir jóla.

hrefna@frettabladid.is

ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja
Opíð 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500

Auglýsingasími

512
50
50

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið



Halló, mikilvægur fundur

Flatskjáir eru víða að leysa skávarpana af hólmi í fundarherbergjum og stjórnæki fundabúnaðar verða æ fullkonnari en jafnframt einfaldari. Þetta segir Sævar Haukdal, sölustjóri Sense, sem er þjónustufyrirtæki á sviði netlausna.



Sævar Haukdal segir flatskjáina víða að ryðja skjávröppum út úr fundarherbergjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Sævar segir starfsmenn Sense fást við uppsetningu á fundarherbergjum bæði með fjarfundabúnaði og án. Mörg eigi herbergin það sameiginlegt að stórir flatskjáir séu að taka við af myndvörpum og að tækin til að láta búnaðinn virka verði æ einfaldari. „Fólk gerir kröfu um að tækin séu þægileg í notkun. Það eru svo margir að nýta sér þau sem hafa mismikla þekkingu á tækni,“ segir Sævar.

Fjarfundabúnaður hefur verið á markaði um árabil að sögn Sævars. „Fyrstu stjórnkerfin fyrir fjarfundi- og kennslu settum við upp 1994 en það hefur orðið gríðarleg þróun síðan þá, til einföldunar fyrir almenning,“ segir hann og lýsir nýjasta búnaðinum sem tiltækur er til þeirra nota í dag. „Fólk getur verið á nokkrum ólíkum stöðum í heiminum en allt verið að ræða saman og skoða sömu gögnin. Það getur séð hvert annað og horft á sömu glærusýningu. Stjórnkerfi fjarfundabúnaðarins hentar líka

öllum. Maður getur verið með einn lítinn snertiskjá og ýtt á einn hnapp, þá kviknar á fjarfundakerfinu og réttur inngangur hefst. Á sama snertiskjá er hægt að velja númer í minninu til að hringja í þá sem maður á fund með, hvort sem það er hérlendis eða erlendis. Þannig er allur búnaður samtvinnaður í eitt og sama kerfið.“ Flesta fundi sem haldnir eru landa á milli segir Sævar fara fram á ensku en hefur ekki orðið var við þýðingarmál sem þýði jafnóðum talað mál.

Sævar segir sérsvið Sense vera hljóð-, mynd- og stjórnabúnaðarlausnir fyrir fyrirtæki og heimili. „Við erum með verslun á jarð-

hæðinni í Hlíðasmára 3 þar sem áhersla er lögð á að þjónusta einstaklinga og á annarri hæðinni erum við með tækniþóp sem sér um sölu og leigu á búnaði til fyrirtækja.“

–Sagðir þú leigu? „Já, við leigjum út alls konar búnað, bæði til funda- og ráðstefnuhalds, túlkabúnað, skjái og skjávarpa. Einnig leigjum við út búnað til að dæla efni funda beint inn á netið, á heimasíðum fyrirtækja. Þar getur fólk séð mynd af manninum sem er í ræðustól, heyrnt í honum og séð glæurnar sem hann er að kynna, allt á sama tíma. Það er mikið um það núna hjá útrásarfyrirtækjum.“
gun@frettabladid.is

Já, við erum hreykin enn og aftur!



PHILIPS VINNUR EISA VERÐLAUNIN 2007-2008 FYRIR HÁSKERPU LCD

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá **European Imaging & Sound Association (EISA)** hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tæknipróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með þessum eftirsóttu tækniverðlaunum.

European Full-HD LCD-TV 2007-2008

„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fingerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**“, eins og segir í skýrslu EISA nefndarinnar um 47PFL9752D.




Philips 47PFL9732D

- 47" LCD Perfect Pixel HD BREIÐTJALD
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- 1920x1080 punkta upplausn
- Perfect Pixel HD myndtækni sem eykur línuþjöldu og skerpu
- Ambilight Surround - Bakljós
- HD Natural Motion
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 8.000:1
- Svartími: 3ms

- Sjónsvið: (H/V): 176/176°
- Birtustig: 550 cd/m2
- 100Hz Clear LCD - eykur skerpu
- Ljósmyndari og Active Control sem minnkar glampa
- Innbyggður digital DVB-T móttakari
- 32w Nicam Stereo hljóðkerfi - wOOx bassi
- 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Kortalesari og USB tengi
- Textavarp með 1.200 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring

PHILIPS
sense and simplicity



Heimilistæki ht.is
SUBURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500

GLERÁRGÖTU AKUREYRI - GARDARSBRAUT HÚSAVÍK - EYRARVEGI SELFÖSSI

Spennandi sjónvarp



160 GB UPPTÖKU DISKUR

42PT85

42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz

199.900

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



Felliveggir

Hreifanlegir veggir sem opna nýja vídd.
Glæsileg og vonduð lausn. Mikil hljóðeinangrun.
Klæðskerasniðin fyrir öll rými.



Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



fasteignir

5. NÓVEMBER 2007

Þjónusta ofar öllu

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is

RE/MAX
Fasteignir

Stefán Páll
Löggiltur fasteignasali

Kvistavellir 34-40

221 Hafnarfjörður



Kvistavellir 34-40 er fjögurra íbúða raðhúsalengja á tveimur hæðum ásamt bílskúrum. Húsin verða steinsteypt á hefðbundinn hátt. Stærð húsans er 172,5 m² og skiptist þannig: 1.hæð er 106,8 m² þaraf er bílskúr og geymsla 35,9. 2.hæð er 65,7 m²

Húsin skiptast í forstofu með gestasnyrtingu, eldhús, hol, borðstofu og stofu. Úr stofu er gengið út í garð. Af neðri hæð er gengið upp steyptan stiga upp á efri hæð. Efri hæð skiptist í þrjú herbergi, stórt og rúmgott bað og þvottahús. Einnig eru svalir á efri hæð.

**Opið hús
í dag frá
kl 18.00 – 19.00**

**Afhending í júlí og ágúst 2008
Verð frá 36.700.000
Tilbúnað til innréttinga**

**Hringdu núna!
6996165**

RE/MAX Fasteignir
Engjateig 9
105 Reykjavík
Sími: 578 8800



Mikill gróður umlykur einbýlishúsið við Hvannhólma í Kópavogi.

Í návígi við útivistarsvæði

Fasteignasalan Remax Lind hefur til sölu mikið endurnýjað einbýlishús með innbyggðum bílskúr í Kópavogi.

Á friðsælum stað við Hvannhólma í austurbæ Kópavogs er til sölu endurnýjað 262,1 fermetra einbýlishús með stórum innbyggðum 45,3 fm bílskúr.

Húsið er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er komið inn í forstofu með ljósum flísum á gólfi og fataskáp. Þaðan er gengið inn í gestasnyrtingu með innréttingu og flísum á gólfi og forstofuherbergi með parketti á gólfi og lausum skáp. Þvottahús er stórt og innangengt úr því í bílskúr. Inni af forstofu er einnig gengið inn í litla íbúð með eldhúsi og tveimur stórum herbergjum.

Stigi með ljósu parketti er upp á efri hæð. Þar er rúmgott, parkettlagt hol með útgengi út á sólríka, skjólgóða, suðurverönd og fallegan garð, sem umlykur húsið. Eldhúsið er rúmgott með snyrtilegri, upprunalegri innréttingu og kork á gólfi. Inni af eldhúsi er búr. Frá borðkrók er gengið út á norðursvalir með útsýni til Esjunnar og Úlfarsfells. Stofan er stór, með parketti á gólfi, viðarklæddum loftum og gluggum á tvo vegu út að suður- og norðurgarði. Hjónaherbergi er rúmgott, parkettdukkur á gólfi og fataskápur. Tvö barnaherbergi með parkettdukkur á gólfi, skápur í öðru. Baðherbergið hefur verið endurnýjað, ljósar flísar á gólfi, ný innrétting, upphengt salerni og handklæðaofn. Lóðin er í góðri rækt, hiti í innkeyrslu í bílplani. Húsinu hefur verið vel viðhaldið og er nýmálað að utan en stutt er í útivistarsvæði í Fossvogi. Verð: 62,5 milljónir.

Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
3,2%

Míðað við myntkorf 4,
Libor-vextir 24.7.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

	MYNTKÖRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
LÁNSUPPHÆÐ	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	3,9% *	4,9% *	5,95%
GREIÐSLUBYRÐI****	64.700	106.600	109.500

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 24.07.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.

*** Vextir á erlendra myntkorf ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,2% til 4,3% m.v. myntkorf 4.

**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkorfúláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

**SÉRVALDAR VÖRUR
TIL BYGGINGA!**



Svalalokanir
SUNFLEX
Álklæðningar
Bílskúrshurðir
novofarm
Iðnaðarhurðir

Sérpöntum einnig flest allar vörur til bygginga

Global Ice ehf.
Krókhálsi 5a 110 Rvk **S.578-8899**
www.globalice.is - globalice@globalice.is

SIBA
ÞAKRENNUKERFI
á öll hús - allsstaðar
Litir í miklu úrvali



Fróm

PL 01 Svart PL 45 Silfur-metallic PL 20 Dökk Grá PL 22 Dökk Rauð PL 56 Dökk brún PL 42 Rauðbrún PL 80 Hvít PL 55 Kopar-metallic Aluzink Kopar

Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. **SIBA-ÞAKRENNUKERFI í fjölda lita**

BLIKKÁS - FUNI
Smíðjuvegi 74 - 200 Kópavogi - Sími 515 8700
www.funi.is - www.blikkas.is

Fasteignablaðið

**512
5469
694
4103**

Ruth Bergs
ruth@365.is



Draumahús 530 1800

**Föst lág
sölupóknun**

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága sölupóknun. Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á:
www.draumahus.is eða hringdu í síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

LAGARÁS 4 • 700 Egilsstöðum • Sími 580 7905
BÚÐAREYRI 2 • 730 Reyðarfirði • Sími 580 7905
HAFNARBRAUT 15 • 780 Höfn • Sími 580 7915
VALLHOLTSVEGUR 3 • 640 Húsavík • Sími 580 7925
www.inni.is - inni@inni.is
Hilmar Gunnlaugsson, hrl. og lgf.

INNI FASTEIGNASALA

**Vilt þú breyta til?
Ef svo er þá er HÖFN staðurinn!!**

Fróm Á Höfn er til sölu **Sport- og tískuvöruverslunin Tangó**. Góð fjárfesting fyrir þá sem vilja starfa sjálfstætt á góðum og blómlegum stað. Góður tími framundan. Á Höfn er gott að finna húsnaði sem hentar öllum fjölskyldustærðum. Lifandi og öflugt skóla, íþrótt og félagslíf. Allt þetta er hægt að fá fyrir færri kr. en eitt einbýlishús á höfuðborgarsvæðinu!!



Upplýsingar á skrifstofu Inni og í síma 861 7873

E LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN

Sími 512 3600 • www.logheimili.is
Skiptiholti 15 • 105 Reykjavík
Jónas Örn Jónasson, hdl. og lögg. fasteignasali



Sigurður O Sigurðsson
Sölufulltrúi
GSM: 616 8880
sos@logheimili.is



Þorsteinn Jakobsson
Sölufulltrúi
GSM: 899 7145
steini@logheimili.is



Heimir Bergmann
Frámkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.is



Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmáður
jonas@logheimili.is

**EINSTAKT TÆKIFÆRI
Á KJALARNESI**

Land og lóðir við Sætún á Kjalarnesi – eignarland



Fróm

Búið er að skipta jörðinni uppi í 6 hluta samkvæmt deiliskipulagi frá 01.08.2007. Landið liggur frá þjóðvegi 1 og niður til sjávar. Gott útsýni er frá landinu yfir til Reykjavíkur. Með tilkomu Sundabrautar styttest vegalengdin til Reykjavíkur verulega.

A Lóðarstærð ca 3200 fm. Landið liggur að þjóðvegi 1. **Verð 15.000.000,-**

B Atvinnuhúsnaði sem er ca 778 fm og stendur á ca 4.142 fm lóð. Áætlaður heildarbyggingarréttur á lóð er ca 2.350 fm. Húsið er steinsteypt og er leigt sem alifuglahús. **Verð 89.000.000,-**

C Atvinnuhúsaloð sem er 3.018 fm áætlaður byggingarréttur er ca 1.270 fm. **Verð 21.000.000,-**

E Íbúðarhúsaloð sem er ca 2.536 fm áætlaður byggingarréttur er ca 1.080 fm. Lóðin er öll skógi vaxin. **Verð 18.900.000,-**

F Um 50.000 fm land sem skilgreint er sem óskipulagt land. Landið liggur að sjó. **Verð 49.000.000,-**

Upplýsingar og nánari upplýsingar á skrifstofu.

LÚXUS SUMARBÚSTAÐUR Í GRÍMSNESI





Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

Hreingerningar

Hreingerningar ehf.
Sími: 868 5599

Hreingerningar - Gólfbónun - Bónleysing - Flutningsþrif - Gluggapvottur - Teppahreinsun - Þrif eftir iðnaðarmenn. Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum. www.hreingerningar.is

Hreingerningapjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þríf. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Garðyrkja

Umhverfisþryði ehf
Þitt umhverfi - Þín þryði
25 ára reynsla
Hellulagnir
Vegghleðslur
Sólpallar
Túnþökulagnir
Jarðvegsvinna
520 1220
þryði@umhverfisþryði.is
www.umhverfisþryði.is

Málarar

Láttu málarameistarann um málið
malarar.is
Ágæti húseigandi, láttu ekki blekkjast af fögrum fyrirheitum, athugaðu hvort þinn málari sé ábyrgur og með skirteini frá Málarameistarafélaginu þá gæti borgað sig

Parftu að láta mála?

Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Sandspörtun og málun

Mála stíghús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Armar Málarameistari.

Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. ofl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Fagmenn.is
5 52 53 54
Málari - Múrari
Rafvirkli - Pípari
Smíður - Hönnuður
Parket/Flísalagnir
Sandspörtun

Nýsmíði - Viðhald húsa
Trésmíði. viðhald húsa, parketlagnir, flísa- nýsmíði á gluggum og ísetning. Föst tilboð eða tímavinna.
Uppl. í s. 864 5920.

Kjarnaborun
Steypusögun
Sími 8606500

Magnhús ehf

Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsaviðhald!

Pak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Parket- og flísalagnir

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna, vanir menn. S. 892 9804.

Stíflubjónusta

Stíflubjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

Tölvur

Tölvubjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar

www.orlagalinan.is
Órlaga
línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Kærleiks-ljósíð

Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
Vísu S. 566 7311 Euro

ÞORA FRÁ BREKKUKOTI - Spámiðill

Spá í spil og kristalkúla. Fyrirbærni. Sími 557 4391, www.englil.is

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987

Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbærni, trúnaður. Er við alla daga frá 12 á hádegis til 12 á miðnætti. Lára spámiðill. Visa/Euro.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.

Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Alspá 445 5000

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opð 12-24. www.spamidlun.com*

Hanna 908 6040 & 555 2927

Símaspá, fyrirbærir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Vísa/euro.

Kristjana spámiðill. Þeir sem til mín vilja leita. Pantíð tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Spásíminn 908 5666. Stjórnsþá. Tarot. Ársspá. Draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Hvað eru spákonur að spá ???

www.vantru.is

Dulspækisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Trésmíði

Vandaðir smíðir taka að sér verk og verkhluta. Tilboð eða tímavinna. S. 894 2523 Þráinn.

Önnur þjónusta



Færum myndbandsspólur, filmur, vinylpötur, ljósmyndir og kassettur á DVD eða geisladiska. DVD fjölföldun. Ódýrir diskar og hlustur.

GAGNVIRKNI
Hlíðasmára 8, 201 Kóp., s. 517-4511
www.gagnvirgni.is

HEILSA

Heilsuvörur



ShapeWorks
www.bergrun.is

Ég breytti um lífstíl!
Hvað með þig??
Uppl. í s. 861 5512

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fíran prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifstil.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Viltu léttast hratt og örugglega?

www.diet.is — www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, olsiar@hotmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

ELÍAS SÓLMUNDARSON - 692 9179 Kenni alla daga á Chevrolet Lasetti. elias@gardaskoli.is

HEIMILIÐ

Dýrahald

Hvolpa- og hundagrindur koma samsett, 8 hlíðar ásamt hurð, 4 hæðir. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is



EIN EFTIR ! Til sölu þessi gullfallega 8. vikna Chihuahua tik (loðin) til afhendingar strax. Er bólusett örmerkt og heilsufarsskoðuð. Er með ættböck frá íshundum. Uppl. í síma 824-2864

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði



Leigusalar auglýsa frítt. Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.

Leigjendur leita frítt. leiga.is býður

- ✓ leit að leigjanda
- ✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
- ✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.

Leiga.is
Löggild leigumáttur

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 HÚS TIL LEIGU ALICANTE SPÁNÍ 8-10 manns stutt á Strönd, Golf og m.fl. Bókaðu hjá okkur. 6951239 www.spanarhus.com

Viltu búa í snotru fullbúnu kjallaraherbergi með privat wc/sturtu. Að auki aðgangur að fullbúnu eldhúsi, þvotta og þurrk aðstöðu í húsinu. Allt nýppgert. Í fallettu umhverfi við Sogaveg. Sjá heimasíðu www.mmedia.is til leigu og jafnframt leigulistinn.is Sími 892 0844.

2 ja herb. íbúð til leigu í neðsta leiti með bílastæði. Leiguverð 125 þús. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188

4 Herb. íbúð til leigu á Kleppsveginum með eða án húsgagna. Langtíma leiga. Tryggingavíxill + 2 mán. Fyrirframm. Leiga 150-170 þús. Uppl. í s. 821 9812 Gunnar.

Húsnæði óskast

S.O.S Par með barn og hund bráðvantar 3. herb. íbúð. fyrir 1 des. Reglusöm og skilvísium greiðslum heitið. Gr. geta. 130 þ. S. 869 5109 & 856 8915.

Sumarbústaðir

Sumarhús til flutnings. Til sölu ca.55fm sumarhúsið til flutnings. Húsið er í góðu ástandi, fullbúið og tilbúið til flutnings. Staðsett í Grímsnesi verð 7,0millj. Nánari uppl. í síma 899 1717 eða hviktors@simnet.is

Atvinnuhúsnæði

Til leigu upp. 50 fm bil. Hentar sem lager eða fyrir iðnaðarmenn. Uppl. í s. 844 1011.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslublí 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaett.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Húsvagnafólk - Síðustu plássin

Fyrsta flokks upphitað hús á EyraþakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar. S. 564 6500.

Gisting

Rjúpa

Bókaðu strax! Hótel Bjarg, Fáskrúðfirði. Sími 899 6221.

Guesthouse, long term rental Reykjavík and Hafnarfjörður. Barbara gsm 824 4532

ATVINNA

Atvinna í boði

Leikskólinn Brekkuborg
Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi.
Upplýsingar veitir leikskólustjóri í síma 567 9380 og 693 9869.

NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR - KRINGLAN

„JÓI FEL“ opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagarðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í nýtt bakarí okkar í Kringlunni strax.

Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS



Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.



Kornið óskar eftir starfsfólki í Lækjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

Bettis Kópavogi
Starfskraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi.
Upplýsingar í síma 899 8212.

hár galleri

Óskum eftir hársnyrti svein/meistara og nema. Uppl. gefur Lilja í s. 898 6850.



Aktu Taktu Skúlagötu

Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinnu í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

Ísbúðin Áfheimum

Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.



Vaktstjóri Shell Laugavegi

Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón. Unnið er á tvíkiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.

Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Óskar, stöðvarstjóri, í síma 561 9926. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.



Vaktstjóri Select Vesturlandsvegi

Okkur vantar öflugan vaktstjóra til framtíðarstarfa á lffegan vinnustað. Verslunarstjóri ásamt vaktumsjón. Unnið er á vöktum virka daga og þriðju hverja helgi.

Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Ella, stöðvarstjóri, í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.



Hreinsitækni ehf óskar eftir starfsmönnum með meirapróf, vinnuvélaréttindi og aðstoðarmönnum á bíla. Traust og góð vinna í boði. Uppl. á staðnum að Stórhöfða 37 n.h.



Góð laun - ræstingar
Slástu í för með sterkum hóp

Við leitum að starfsfólki í fóst afleysingarstörf.

Um er að ræða fjölbreytt störf við ræstingar som unvin eru frá klukkan 08:00. Vinnuhlutfall er 75 - 100%.

Umsækjandi þarf að hafa bil til umræða.

Upplýsingar veitir Ólóf í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is

ISS ÍSLAND

Aðhlyning - kvöld og helgarvaktir.

Óskum eftir starfsfólki við aðhlyningu í þjónustuíbúðum Dalbraut 27. Um er að ræða kvöld og helgarvaktir. Uppl. Veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500. Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is og gudny.palsdottir@reykjavik.is



Ert þú næturmanneskja?

Subway óskar eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Í fullu starfi er unnið 7 daga frá 22-06 og 7 daga frí. Hlutastarfið er frá 22-06 um helgar. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is

Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

ATVINNA



HEGGUR TRÉSMÍÐI

Vantar smíði í inni vinnu, einnig vantar smíði á verkstæði.

Nemar eða aðstoðarmenn koma til greina.

Upplýsingar í s. 893 1424 & 862 1524

Kaffihús, Bakarí
Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveru, Austurveru, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laun helgarstörf. Góð laun í boði.
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsóknareyðublöð á www.bakarameistarinn.is

Vélamaður óskast á hjólagrófu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Héðinn Schindler lyftur óskar eftir starfsmanni í viðhald og eftirlit á lyftum. Raf-eða vélvirkjamenntunar krafist. Sími 893 1674.

Verkamenn

Jarðmótun ehf óskar eftir að ráða vana verkamenn til jarðvinnuframkvæmda. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 892 0989.

American style

Hafnarfirði og Skipholti
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnu? Eru með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtileg vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

Pítan

Ferskur vinnustaður, góður vinnuandí og finustu laun; ef þetta höfðar til þín og þú ert eldri en 23 ára þá vantar öflugan vaktstjóra í 49% kvöld- og helgarvinnu. Hentar vel með háskóla. Umsóknir á pitan.is

Húsnæði

Furuás efn vantar menn í mótavinnu einnig menn í almenna smíðavinnu. Góð verkefnastaða. Uppl. í s. 861 9885.

Ferðabjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar að ráð bifreiðastjóra með rútuþróf. Góð laun í boði. Uppl. í síma 860-0761

Atvinna óskast

HENDUR.IS

Hönnun, veislu, þríf, barnagæsla, þjónusta, iðnaðarmenn, afleysingar o.fl. Fáðu tilboð. Fínum rétta fólki á rétta verðinu. Uppl. á www.hendur.is

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

Einkamál



TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPÍD MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

18plús.is

Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

SVONA ER ENGLAND

FRUMSÝND 2. NÓVEMBER Í REGNBOGANUM

THIS IS ENGLAND

MYND EFTIR SHANE MEADOWS



„Þeir fjölmörgu gagnrýnendur sem fullyrða að þetta sé besta breska mynd síðustu ára, hafa rangt fyrir sér. Þetta er einfaldlega besta kvikmynd síðustu ára. Hrá, mikilvæg og stórskemmtileg! Nýliðinn Turgoose er uppgötvun ársins.“

- Glamour

KLIPPIÐ HÉR!

1 Ekkert hlé

2 Minna af auglýsingum

3 Engin truflun

græna ljósið

- Ekki bíð á göllum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

www.graenaljosid.is - Skráning í Blökkúbb Græna ljóssins margborgar sig

STUÐ MILLI STRÍÐA Uppruni hins sjálfsgöða

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ER HISSA Á SKRÍMSLUM



Man einhver eftir Brakúla greifa? Ættarskömminni sem ekki vildi drekka blóð eins og hinar vampírurnar, heldur gerðist grænmetisæta löngu áður en það komst í tísku?

Brakúla var sumsé teiknimynd sem gerði grín að hinni þekktu sögu um Drakúla greifa. Ég horfði oft á þessa teiknimynd sem barn og var aldrei hið minnsta hrædd, enda teiknimyndin tóm vitleysa og ekki til þess fallin að vekja óhug hjá einum né neinum.

Teiknimyndin um Brakúla greifa er gott dæmi um hvernig

þekkt minni úr hryllingsbókmenntum eru gerð sárameinlaus með endurvinnslu í dægurmenningu okkar. Hvert vestrænt mannsbarn kannast við fyrirbæri eins og vampírur, uppvakninga og jafnvel skrímli Frankensteins, en þau kannast líkast til fremur við bitlausar skopmyndir af þessum fyrirbærum fremur en sögurnar sem upprunalega urðu til þess að kasta þeim fram í sviðsljósið.

Ég tók mig til fyrir nokkrum árum og las skáldsögurnar um Drakúla og Frankenstein-skrímlið. Ég hafði áður séð kvikmyndir sem þóttust gerðar eftir upprunalegu sögunum, en þær höfðu ekki hrætt mig vitundarögn, enda hafði skopstælingin á

þessum persónum fyrir löngu gert sig svo heimankomna í huga mér að ég sá ekki annað en klaufaleg ómenni í stað skrímsla.

En lestur bókanna breytti upplifun minni til muna. Ég varð óskaplega hrædd við bókaútgáfunna af Drakúla greifa, enda var ég stödd á einu söguviða skáldsögunnar þegar ég las hana. Skrímli Frankensteins þótti mér ekki síður ógnvænlegt og kom ágætt gáfnar þess og tilfinningaleg dýpt mér verulega í opna skjöldu.

Það er ómaksins vert að kynna sér uppruna menningarfyrirbæra sem okkur þykja svo sjálfsgöð að við tökum vart eftir þeim. Slík kynning getur lengi komið á óvart.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu breyt'eikkurru?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggssamfélagið á Íslandi



MYNDLIST í sjöunda himni... Kristín Helga er ein þeirra fjölmörgu listamanna sem sýnt hafa í Kling og Bang en þetta er eitt verka hennar frá sýningu þar í fyrra.

Kling og Bang á Frieze

Hópurinn sem setti galleríð Kling og Bang á stofn fyrir fáum árum er ekki aðgerðalaus þótt húsið sem hýst hafi galleríð sé nú yfirgefið. Hljómalind mun setjast þar að tímabundið en lóðir á Laugaveginum og gömul hús sem á þeim standa ganga nú kaupum og solum. Kling og Bang er enn á götunni. Þessi átta manna hópur hefur þegar sett mark sitt á íslenska samtímalist. Hann efndi til samstarfs við Landsbankann um rekstur á Klink og Bang í gamla Hampiðjuhúsinu, hefur staðið fyrir fjölda eftirminnilegra sýninga á Laugaveginum og var nú nýlega með stóra sýningu eða projekt í Berlín. Fram undan er þátttaka í Listahátíðinni í vor og samkvæmt síðustu fréttum samstarf um sýningarhald á Frieze í London.

Frieze-hátíðinni er nýlega lokið en þar sýndi Elín Hansdóttir sérpantað verk. Kristján Þór, talsmaður þeirra Klingara, segir hópin hafa fengið boð um viðræður við Frieze á liðnu vori og hafi nýlega verið rætt við forstöðumenn Frieze. Samhliða kaupstefnunni er haldið úti árlega metnaðarfullu verkefni er kallast Frieze Project/commission og velja stjórnendur þess á hverju ári ákveðna samstarfsaðila, en í ár tóku einmitt m.a. Elín Hansdóttir og Richard Prince þátt í verkefninu og Frankfurter Kunstverein var samstarfsaðili.

Þar voru líka mættir Klingarar að funda með helstu stjórnendum kaupstefunnar þar sem Kling & Bang gallerí hefur hlotið þann mikla heiður að vera valið til samstarfs á næsta ári. Kling & Bang

verður aðalsamstarfsaðilinn og fær algjörlega frjálsar hendur um hvað hópurinn gerir og hverja hann kallar til verksins. „Þetta verður eitt af okkar stærri verkefnum og verðum við umkringd 150 helstu samtímagalleríum í heiminum sem koma þarna saman árlega, því er ekki seinna vænna en að fara að undirbúa sig,“ segja fulltrúar Kling & Bang. „Þetta er stórkostlegt fólk sem skipuleggur Frieze Projects og eftir að hafa fundað með þeim erum við full eftirvæntingar, enda eru ekki allir sem geta starfað með okkur þar sem við erum þekkt fyrir allt annað en „playing it safe“ eins og þeir segja.“

Telja fulltrúar Kling & Bang þetta vera gífurlega mikilvægt fyrir galleríð og þá sérstaklega íslenska myndlistarmenn, þar sem Kling & Bang stefnir að því að kynna eingöngu íslenska myndlistarmenn þar. Kling & Bang telur sig hafa gott veganesti og reynslu til að fylgja þessu verkefni eftir, enda er ekki hver sem er valinn til samstarfs. „Þannig að við hljótum að hafa verið að gera góða hluti síðustu fimm árin sem við höfum starfað. Við vitum að margir sem hafa starfað miklu lengur en við hafa reynt margt að komast þarna inn en án árangurs.“ Vitað er að gallerí 18 hefur haft áhuga á að komast að á Frieze en þröng er á kaupstefnunni og hún stendur aðeins yfir langa helgi. Aðsókn að henni og vinsældir hafa neytt aðstandendur til að endurskoða stefnuna, en svo gæti farið að hún færi fram úr ýmsum stefnum sem eru snemma haust í Evrópu. pbb@frettladid.is

Ung söngkona í Salnum

Bylgja Dís Gunnarsdóttir er ung söngkona sem hefur nýverið lokið mastersnámi frá Royal Scottish Academy of Music and Drama. Annað kvöld kl. 20 fara fram í Salnum í Kópavogi fyrstu tónleikar Bylgju Dísar á Íslandi eftir að hún útskrifaðist.

Píanóleikarinn Julia Lynch leikur með Bylgju á tónleikunum, en þær hafa mikið unnið saman í tengslum við námið í Skotlandi.

Þær opna tónleikana með konsertaríu Mozarts, Ch'io mi scordi di te?...Non temper, amato bene, en



BYLGJA DÍS
Söngkonan unga er nýkomin úr meistaranámi.

þar fá bæði söngvari og píanóleikari vel að njóta sín. Vel þekktar óperuaríur eftir Puccini, Mascagni og Verdi verða á dagskrá, en einnig eintal og bæn úr óperunni Jenufa eftir Janacek sem heyrir sjaldnar á tónleikum.

Nokkur yndisleg sönglög eftir Jean Sibelius og Richard Strauss binda efnisskrána saman þetta þriðjudagskvöld. Því má gera ráð fyrir fjölbreyttri og skemmtilegri kvöldstund.

Almennt miðaverð á tónleikana er 2.000 kr. -vp

Hvað kostar maturinn minn á morgun?

Morgunverðarfundur Bændasamtakanna 6. nóvember 2007

Morgunverðarfundur Bændasamtaka Íslands verður í Sunnusál Hótel Sögu þriðjudaginn 6. nóvember nk. frá kl. 8:15 til 10:00.

Ræðumaður verður **Martin Haworth**, yfirmaður stefnumótunar ensku bændasamtakanna National Farmers' Union (NFU). Hann fjallar um þróun landbúnaðar og búvöruverðs í heiminum. *Hver er líkleg þróun til framtíðar? Mun eftirspurnin halda verði uppi? Hvaða áhrif eru líkleg af hlýnun andrúmsloftsins og aðgerðum til að sporna gegn henni?* Haworth mun ræða um afleiðingar þurrka í Ástralíu, aukna eftirspurn í Asíu, framleiðslu á lífeldsneyti úr korni og vaxandi umhverfisvitund neytenda. Spurt verður hvaða áhrif þessir þættir hafa á framleiðslu landbúnaðarafurða í Norðvestur-Evrópu og hvar íslenskir bændur standa í umröti framtíðarinnar.

Martin Haworth var í nokkur ár áhrifamikill embættismaður ESB í Brussel áður en hann réðst til NFU árið 1980. Haworth hefur gengt mörgum ábyrgðarmiklum störfum hjá NFU og annast nú stefnumótun samtakanna. Hann hefur mikla þekkingu á landbúnaðarframleiðslu og sölu afurða á evrópskum neytendamarkaði.

Fyrirlestur:

- **Hvað kostar maturinn minn á morgun?**
Martin Haworth, yfirmaður stefnumótunar NFU
- **Pallborðsumræður, spurningar og svör.**
Þátttakendur ásamt Haworth:
- **Salvör Jónsdóttir**, skipulagsfræðingur, ráðgjafarfyrtækinu *Alta*.
- **Sigurður Jónsson**, framkvæmdastjóri *SVP-Samtaka verslunar og þjónustu*.
- **Daði Már Kristófersson**, hagfræðingur hjá *Bændasamtökunum*

Fundarstjóri verður **Ágúst Sigurðsson**, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Fundurinn er opinn öllum sem hafa áhuga á þessum málefnum. Aðgangur er ókeypis og veitingar verða í boði bænda.

Bændasamtök Íslands



Martin Haworth



Salvör Jónsdóttir



Sigurður Jónsson



Daði Már Kristófersson

Hjálpuðu Einari Ágústi á lappirnar

> VISSIR PÚ?

Leikkonan **Halle Berry** er mjög hjátrúarfull. Hún geymdi öll sín neikvæðu þungunarpróf í skúffu en á nú von á sínu fyrsta barni. „Ekki spyrja af hverju ég geymdi þau, af því ég veit það ekki,“ sagði hún við Oprah Winfrey. „Eftir að hafa tekið 35 próf kom loksins eitt jákvætt.“



fólk

folk@frettabladid.is

Fasteignasalinn Júlíus Jóhannsson og félagi hans Stefán F. Jónsson, sem starfar sem sölustjóri hjá Pennanum Eymundsson, hafa verið tónlistarmanninum Einari Ágústi Víðissyni til halds og trausts við gerð hans fyrstu sólóplötu, „Það er ekkert víst að það klikki“.

„Þetta byrjaði sem hugmynd um að ég og Júlí, sem höfum verið að spila saman sem trúbadorar, myndum gefa út kassagítarplötu,“ segir Einar Ágúst. „Svo vildi Júlí að ég myndi gefa út sólóplötu og Stebbi myndi hjálpa til. Þessir tveir strákar hjálpuðu mér mikið að komast á lappirnar í edrúmennskunni og þeir vildu hjálpa með að fjármagna og gefa plötuna út.“

Einar Ágúst er með fleiri verkefni í burðarliðnum og hafði það sitt að



VINIR Í RAUN Júlíus Jóhannsson (til vinstri) og Stefán F. Jónsson ásamt vini sínum Einari Ágústi.

segja varðandi áhuga Júlíusar og Stefáns. „Þegar þeir sáu að ég væri með aðra plötu tilbúna á næsta ári með gömlum íslenskum vöggvísnum til styrktar Konukoti, sáu þeir að ég var að meina það að ég ætlaði að vera tónlistarmaður og gefa út plötur næstu tuttugu til þrjátíu árin,“ segir hann. „Þeir hafa það mikla trú á mér blessaðir strákar.“

Stefán Hilmarsson syngur með Einari í einu lagi á plötunni og náðu þeir vel saman að sögn Einars. „Þetta er búinn að vera æskudraumur minn frá því ég byrjaði að syngja. Hann er „idolið“ mitt. Það þurfti ekki mikið til að fá hann til að koma og syngja með mér í einu lagi.“

Sálarlagið „Ekki“ er einnig á plötunni í flutningi Einars og fékk hann góðfúslegt leyfi frá Stefáni og Guðmundi Jónssyni til að notast við það.

McCartney vill fullt forræði

Bítillinn Paul McCartney ætlar að sækja um fullt forræði yfir fjögurra ára gamalli dóttur sinni eftir yfirlýsingar Heather Mills, fyrrverandi eiginkonu hans, í sjónvarpi undanfarið.

„Paul óttast að Heather sé búin að missa það og þarfnist hjálpar. Hún hefur lýst því yfir að líf hennar sé í hættu. Ef það er satt þá er Bea líka í hættu og hún ætti því að vera hjá pabba sínum,“ segir náinn vinur bítillsins Paul McCartney í viðtali við breska blaðið News of the World. Heather Mills, eiginkona Pauls, hefur farið mikinn í sjónvarpsviðtölum síðustu daga. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá segist hún hafa íhugað að svipta sig lífi. Þá segir hún jafnframt að hún óttist að verða ráðin af dögum. Út á við hefur Sir Paul McCartney ekki gefið mikið fyrir yfirlýsingar hennar en í raun mun hann vera með böggum hildar.

Paul McCartney hefur þegar ráðfært sig við lögfræðinga vegna málsins. Hann er sannfærður um að skilnaðarmál hans og Heather, sem er að miklu leyti til rekið í fjölmöldum, hafi slæm áhrif á dóttur þeirra. „Það er neyðarúrræði að sækja um fullt forræði en Paul er mjög hræddur



LJÓTUR SKILNAÐUR Skotin ganga nú milli Sir Paul McCartney og Heather Mills í skilnaðarmáli þeirra. Paul hefur nú svarað undarlegri hegðun hennar með því að sækja um fullt forræði yfir dóttur þeirra.

ur um barnið. Honum finnst hann ekki hafa um neitt að velja lengur. Hann reyndi að tala um fyrir Heather áður en hún fór í þessi viðtöl en hún hlustaði ekki,“ segir vinur McCartneys.

Þá er Sir Paul afar sár yfir því að Bea hafi snúist gegn fjölskyldu hans vegna gjörða Heather. Það á sérstaklega við um dóttur hans, hina 36 ára gömlu Stellu,

sem Heather kallaði öllum illum nöfnum á dögnum. Vinur hans telur að þegar öllu er á botninn hvolft sé þetta ekki umhverfi sem Bea litla eigi að alast upp í. Þess vegna vill hann fá fullt forræði. „Bea er svo ung og brotþætt. Paul er hræddur um að þessi læti skaði hana fyrir lífsfö.“



NÝ DÖNSK Hljómsveitin gefur í dag út kassa með öllum átta hljóðversplötum sínum, auk plötunnar Grænmeti og ávextir.

Ný plötur frá Nýdönsk

Kassi með öllum átta hljóðversplötum hljómsveitarinnar Nýdönsk ásamt aukaplötunni Grænmeti og ávextir kemur út í dag. Á aukaplötunni eru lög á borð við Nostradamus, Hólmfríður Júlíusdóttir og Kirsuber sem hafa verið á ýmsum safnplötum í gegnum tíðina.

Einnig fylgir kassanum sextíu blaðsíðna textabók við öll lög in á plötunum og er þetta stærsta textabók sem hefur fylgt plötu hér á landi.

Í tilefni af tuttugu ára starfsafmæli sínu hefur Nýdönsk einnig gefið út safnplötuna 1987-2007 sem inniheldur 38 lög og eru tvö þeirra ný, Verðbólgin augu og Afneitum draumunum. Safnpakkinn inniheldur tvær plötur og einn DVD-mynddisk með öllum myndböndum sveitarinnar.



NATALIE PORTMAN Portman ætlar að leikstýra sinni fyrstu kvikmynd á næstunni.

Portman leikstýrir

Natalie Portman, sem hefur getið sér gott orð fyrir leik sinn í Star Wars-myndunum, Closer og V For Vendetta, ætlar að leikstýra sinni fyrstu mynd á næstunni.

Myndin nefnist A Tale of Love and Darkness og segir frá endurminningum Amos Oz sem ólst upp í stríðshrjádri Jerúsalemborg á fimmta og sjötta áratugnum. Um leið og æska hans er rakin er fæðing Ísraels sögð í bakgrunninum. Portman er sjálf fædd í Ísrael og á ísraelskan föður en bandaríska móður.

Kynningarfundur

Orkuveita Reykjavíkur boðar til opins kynningarfundar vegna mats á umhverfisáhrifum nýrra virkjana á Hengilssvæðinu, við Hverahlíð og í Bitru. Fundurinn verður í höfuðstöðvum

Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1, þriðjudaginn 6. nóvember kl. 17:00.



• Í allri starfsemi OR er gengið út frá umhverfismálum – Orkuvinnsla í sátt við umhverfið

www.or.is

Ekki í lýtaaðgerð

Daniel Craig, best þekktur sem hinn ódaudlegi James Bond, segist í viðtali við breska tímaritið GQ hafa strengt þess heit að gangast aldrei undir lýtaaðgerð. Hann segir að stjörnur sem leggist undir hnífinn eigi á hættu að líta út eins og viðrini þegar þær eldist.

„Maður verður bara að halda áfram þó að hlutir fari að standa út, eða hanga niður. Það er vissulega erfitt, því það líkar engum að eldast,“ segir hann. „Fólk getur farið í fegrunaraðgerðir þegar það er yngra, en þegar þú ert 60 eða 70 ferðu að líta út eins og viðrini. Þú endar á því að líta út eins og lesbísk stóra systir, og það er bara rangt!“ segir Craig.

Bond-leikarinn verður fertugur á næsta ári og viðurkennir í viðtali við GQ að hann kvíði því ógurlega, þar sem honum líki ekki stórafmæli.

„Þegar ég varð þrítugur var ég ótrúlega þirrandi. Eins og allir hugsaði ég: „Ég veit ekki hvað ég vil gera. Ég get ekki ákveðið mig.“ Það hefur ekki breyst mikið,“ segir Craig.

Craig hefur nýverið samþykkt að leika í fjórum Bond-myndum til viðbótar. Sú næsta verður frumsýnd í nóvember á næsta ári.

VILL EKKI VERA VIÐRINI Daniel Craig er á móti lýtaaðgerðum og segist ekki vilja líta út eins og „lesbísk stóra systir“.



Vélarnar okkar undirbúa jarðveginn.



Size Communication

Tæknin sem leggur grunninn að framtíðinni.

Sameiginleg verkþekking manna og kvenna sem vinna að sameiginlegu markmiði gerir tæknilega framþróun mögulega. Á www.doosaninfracore.com getur þú aflað þér upplýsinga um breiða línu Doosan vinnuvéla.

Doosan Infracore byggir framtíðina á 111 ára reynslu.

"Power Up for Tomorrow"



Doosan Infracore
Construction Equipment



www.doosaneurope.com

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

HÖRKU HASAR

ROGUE ASSASSIN

ibba 600 kr

EASTERN PROMISES

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ROGUE ASSASSIN	kl. 6, 8 og 10-POWER	16
ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 6 - 600 kr	L
EASTERN PROMISES	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
THE HEARTBREAK KID	kl. 8 og 10.15	12

www.laugarasbio.is - Miðasala á mid.is

NÝTT Í BÍÓ!

BALLS OF FURY

ROGUE ASSASSIN

HÖRKU HASARMYND MED HEITUSTU TÖFFURUNUM Í DAG, SVAKALEG SPENNA FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

WOMAN IN WAIRIOR QUEEN

ELIZABETH

græna ljósið

ATH: EKKERT HLÉ OG MIÐASÖLU LYKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEFST

ÆVINTÝRAEYJA IBBA Aðeins 600kr.

EASTERN PROMISES

FRÁ LEIKSTÓÐANUM DAVID LEONARDUS

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000	REGNBÓGINN Sími 551 9000
BALLS OF FURY kl. 3.45-5.50-8-10.10 7	THIS IS ENGLAND kl. 6-8-10
BALLS OF FURY LÚXUS kl. 3.45-5.50-8-10.10	ROUGE ASSASSIN kl. 5.50-8-10.10 16
ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. kl. 4-6	SUPERBAD kl. 5.30-8-10.30 12
DARK IS RISING kl. 3.45-5.50-8	GOOD LUCK CHUCK kl. 5.40-8-10.20 14
THE HEARTBREAK KID kl. 5.30-8-10.30 12	
RESIDENT EVIL 3 kl. 10.10 16	
GOOD LUCK CHUCK kl. 8-10.10 14	
HÁKARLABEITA 600 KR. kl. 3.50	
HASKOLABÍÓ Sími 530 1919	Alfabakka Sími 462 3500
BALLS OF FURY kl. 6-8-10 7	BALLS OF FURY kl. 8-10 7
ELIZABETH: THE GOLDEN AGE kl. 5.30-8-10.30 12	EASTERN PROMISES kl. 10 16
EASTERN PROMISES kl. 8-10.20 16	DARK IS RISING kl. 6-8 7
SYNDIR FEDRANNA kl. 6-10.20 12	THE HEARTBREAK KID kl. 6 12
VEDRAMÓT kl. 5.40-8 14	

SAM BÍÓ www.SAMbio.is 575 8900 mid.is

ELIZABETH

THE INVASION

HELL Miðverð 600 kr.

MICHAEL CLAYTON

ALFABAKKA	AKUREYRI
MICHAEL CLAYTON DIGITAL kl. 5:30-8-10:30 7	ÍPRÓTTAHEITJAN myndi tali kl. 6 L
MICHAEL CLAYTON kl. 8-10:30 VIP	MICHAEL CLAYTON kl. 8 7
THE GOLDEN AGE kl. 5:30-8-10:30 12	STARDUST kl. 5:50 10
THE INVASION kl. 8-10:30 16	THE INVASION kl. 8 16
THE INVASION kl. 5:30 VIP	
ÍPRÓTTAHEITJAN M/ISL TAL kl. 6 L	KEFLAVÍK
HEARTBRAKE KID kl. 8 12	VEDRAMÓT kl. 8 14
THE BRAVE ONE kl. 10:30 16	THE KINGDOM kl. 8 16
STARDUST kl. 5:30-8-10:30 10	3:10 TO YUMA kl. 10:10 16
ASTRÓPÍA kl. 6 L	HALLOWEEN kl. 10:10 16
KRINGLUNNI	SELFOSSI
MICHAEL CLAYTON kl. 8-10:30 7	HEARTBRAKE KID kl. 8-10:20 12
THE INVASION DIGITAL kl. 10:10 16	GOOD LUCK CHUCK kl. 8 L
DARK IS RISING kl. 6 7	THE KINGDOM kl. 10:10 10
ÍPRÓTTAHEITJAN M/ISL TAL kl. 6 L	
IN THE LAND OF WOMEN kl. 5:50-8 L	DIGITAL
THE KINGDOM kl. 8-10:10 10	HLJÓÐ OG MYND

Endurspeglar góða líðan

Söngkonan Regína Ósk hefur sent frá sér plötuna Ef væri ég ..., sem er þriðja sólóplata hennar á þremur árum.

„Þetta er auðvitað mjög mikil vinna en ef maður hefur eitthvað að segja og gera þýðir ekkert að stoppa,“ segir Regína um þessi miklu afköst sín. „Þetta eru mjög ólíkar plötur allt saman. Sú fyrsta var algjörlega með „cover“-lögum og önnur platan var með nýjum lögum eftir aðra höfunda. Þessi var síðan með nýjum lögum eftir mig og Kalla,“ segir hún.

A plötunni eru þrettán lög eftir Regínu og Karl Olgeir Olgeirsson. Sum sömdu þau saman síðasta sumar á meðan önnur lög eru eldri. Fjalla textarnir um móðurástina, ástina, lífið og til-

veruna. „Ég og Kalli erum búin að þekkja í mörg ár og vinna í ýmsum verkefnum saman. Þetta samstarf var sjálfsagt framhald af síðustu plötu því hann átti tvö lög á henni og líka eitt með mér og Barða Jóhannssyni,“ segir hún.

Ef væri ég ... er ákaflega hugljúf plata þó svo að rokk og diskó leynist þar á milli. „Þarna er smá drama og söngur um ástina og lífið. Þú getur séð á þessari plötu að mér líður bara vel. Á maður ekki að endurspegla á svona plötu hvernig manni líður?“

Regína Ósk ætla ekki að halda útgáfutónleika vegna plötunnar en í staðinn verður hún með útgáfupartí þar sem hún mun fagna gripnum ásamt vinum og vandamönnum.



REGÍNA ÓSK Söngkonan Regína Ósk er að gefa út sína þriðju sólóplötu á þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meat Loaf gat ekki meira

Söngvarinn Meat Loaf kom öllum að óvörum á miðjum tónleikum sínum í Newcastle á dögunum þegar hann sagðist vera hættur í bransanum fyrir fullt og allt.

„Ég get ekki haldið áfram. Þetta eru síðustu tónleikarnir sem ég held á ævinni,“ sagði Meat Loaf, skömmu áður en hann var fluttur í burtu í sjúkrahúsi.

Í tömu rugli
Einn tónleikagestanna, Phil Cammish, sagði í viðtali við heimasíðuna timesonline að kappinn hefði verið í tömu rugli. „Öllum á tónleikunum fannst hann vera utan við sig. Hann lét tilfinningarnar bera sig ofurlíði og sagði sögur af börnunum sínum. Hann sagði hluti sem komu tónleikunum ekkert við,“ sagði hann. „Bakraddasöngvararnir þurftu að aðstoða hann við að klára sum lög. Hann gat ekki sungið frægustu lög sín.“

Súrefni á tónleikum
Bláðafulltrúi hins sextuga Meat Loaf segist vona það besta. „Hann á það til að lenda í vandræðum. Hann hrundi niður á sviði á Wembley fyrir nokkrum árum með hjartatrufnanir,“ sagði hún og bætti við að samkvæmt læknafráði ætti súrefniskútur að fylgja honum á tónleikum. „Ég held að



MEAT LOAF Söngvarinn Meat Loaf hætti á miðjum tónleikum í Newcastle og sagðist ekki geta staðið í þessu lengur. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

þetta hafi bara verið ein af þessum Meat Loaf-stundum. Hann er ekki 25 ára lengur.“ Skipuleggjandi tónleikaferðar Meat Loaf um Bretland vonast til að hann geti haldið áfram með túrinn. „Ég talaði við lækningu og hann þjáðist bara af mikilli streitu. Hann á eftir að jafna sig.“

Milljónasala
Bandaríkjamaðurinn Meat Loaf sló í gegn með plötunni Bat Out of Hell sem kom út árið 1977. Hafði hún að geyma slagarana You Took

the Words Right Out of My Mind, Paradise by the Dashboard Light, Two Out of Three Ain't Bad og titillagið Bat Out of Hell. Hefur hún selst í yfir 37 milljónum eintaka. Eftir langt hlé frá sviðsljósinu sneri hann aftur með Bat Out of Hell: Back Into Hell árið 1993 sem náði einnig miklum vinsældum, aðallega fyrir tilstuðlan ballöðunnar I'd Do Anything For Love. Meat Loaf hefur einnig reynt fyrir sér í leiklistinni og fór meðal annars með hlutverk í The Rocky Horror Picture Show og Fight Club.

Mæðgur skrifa unglingabók

Mæðgurnar Ingibjörg Reynisdóttir og Lovísa Rós Þórðardóttir, sem er fjórtán ára, hafa gefið út unglingabókina Strákarnir með stripurnar sem er þeirra fyrsta skáldsaga.

Hugmyndin að bókinni kom fyrst upp í fyrravetur. „Þetta var hugmynd sem dúkkaði upp þegar við vorum í sundi einhverjum daginn. Þá fórum við að diskútera þetta og út frá því hófst hugmyndavinna þar sem við vorum að kasta á milli okkar hugmyndum,“ segir Ingibjörg. „Svo hættum við og þetta lá í salti rosalega lengi. Síðan rúmu ári seinna fórum við og unnum þetta enda var þetta búið að gerjast svo lengi í hausnum á okkur.“

Ingibjörg, sem skrifaði textann



MÆÐGUR Mæðgurnar Ingibjörg Reynisdóttir og Lovísa Rós Þórðardóttir hafa gefið út sína fyrstu skáldsögu.

á meðan Lovísa Rós veitti henni ráðleggingar, segir að þær mæðgur hafi náð vel saman. „Það var aldrei neinn stór ágreiningur og við vorum mjög lýðræðislegar. Við þurftum kannski aðeins að þræta því ég átti það til að fara á

flug og fara út fyrir rammann sem við höfðum talað um. En hún var oftast hrifin af þessu sem ég skrifaði.“

Við gerð bókarnar töluðu þær mæðgur við krakka sem þær þekktu til að kynna betur hugarheimi unglunga, auk þess sem Lovísa lagði sitt af mörkum. „Þó svo að manni finnst stutt síðan maður var unglingur og eigi unglunga þá var voða gott að hafa ungling með sér til að vita betur um það sem er að gerast,“ segir Ingibjörg, sem er leikkona að mennt. Hún hefur áður skrifað leikverkið Móðir mín dóttir mín sem sett var upp í Hafnarfjarðarleikhúsinu árið 2005. Einnig hefur hún leikið í kvikmyndum, sjónvarpi og á sviði.

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landbankinn

* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbankinn.is

Nauðsynleg klisja

For a Minor Reflection er ung og metnaðarfull hljómsveit sem spilar tregafullt síðrokk, stundum nefnt post-rokk. Áhrifavaldar sveitarinnar leyna sér ekki. Godspeed You! Black Emperor, Explosions in the Sky og Mogwai eru nöfn sem skjóta fljótt upp kollinum eins og reyndar á við um nær allar sveitir úr þessum geira undanfarin ár. Sannleikurinn er einfaldlega sá að stefnan hefur staðnað óhugnanlega frá því hún lét fyrst að sér kveða.

Stefnan á samt alveg rétt á sér og það sanna piltarnir í FaMR. Þó svo að platan sé að mörgu leyti eins ófrumleg og Ædol-stjarna að gera lag með Simon & Garfunkel að „sinu“ þá hefur FaMR og platan töluvert meira til brunns að bera. Ekki fer ég samt að hrósa piltunum

fyrir frumlega uppbyggingu því þar er farið eftir öllum klassisku formúlunum; ljúfsár inngangur sem magnast upp við háværan trommu-slátt, síðan fellur allt í ljúfa löð á ný en eitthvað drungalegt virðist á sveimi sem aftur magnast upp, enn harðar en það gerði í byrjun og síðan verður allt vitlaust í lokin. Allt þetta þarfnast síðan rúmlega tíu mínútna í flutning.

En að fara eftir formúlum er líka allt í lagi. Strúktúrinn á lögnum er það sem gefur síðrokkinn sinn yfir-gengilega sjarma, þar sem hlust-andinn er teygður og beygður. Eins og reyndar einn kunningi minn orðaði það: „Síðrokk er nauðsynlegt ungu fólki.“ Það framkallar ákveðnar tilfinningar og nær að losa um einhverja innbyggða reiði, spennu,

TÓNLIST

Reistu þig við, sólin er komin á loft ...

For a Minor Reflection

★★★★

Farið er eftir öllum formúlum og klisjum síðrokkisins en samt sem áður er útkoman snyrtilegur, fagmannlegur og spennuþrunginn frumburður.

..... ást eða einfaldlega hvað sem er.

For a Minor Reflection er kær-komin viðbót í íslensku síðrokk-senuna (fyrir voru þar Sigur Rós og Miri) og þrátt fyrir að frumraun piltanna sé langt því frá gallalaus þá hljómar hún oft feikivel og kraftur ungdómsins leynir sér ekki, hvað þá



óhefluð sköpunargleðin. FaMR er hljómsveit sem á aðeins eftir að verða betri. Nema hún taki sér fyrr-nefndar erlendar sveitir of mikið til fyrirmyndar.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Arnold Schwarzenegger vill verða forseti Bandaríkjanna. Hinn sextugi ríkisstjóri í Kaliforníu er því miður ekki gjaldgengur í embættið þar sem hann fæddist utan Bandaríkjanna. Hann segist þó vera meira en tilbúinn. „Ef lögnum yrði breytt myndi ég hugsa málið. Og já, ég myndi kyla á það enda er ég alltaf áhugasamur um að taka áskorunum og taka áhættu,“ segir Arnold í viðtali við GQ.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Owen Wilson notar óhefðbundnar aðferðir til að koma því til skila að hann sé ekki háður eiturlyfjum.



Wilson, sem gerði sjálfsmorðstilraun í ágúst, ákvað að skilja dýrnar eftir opnar þegar hann fer á klósettið til að koma í veg fyrir orðróm um að hann sé að neyta eiturlyfja á bak við luktur dyr. Talsmaður leikarans sagði athæfið varla skrytið og spurði bara: „Láið þið honum?“

Dansmærin **Dita von Teese** mun leika nektardansmærina **Mata Hari** í nýrri mynd um líf hol-lensku stjórnunnar, sem var tekin af lífi eftir að upp komst að hún hafði njósn-að fyrir bæði Frakka og Þjóðverja í fyrri heimsstyrjöldinni. „Hún er fullkomin í hlutverk-ið,“ segir **Martha Fiennes**, systir leikarans **Ralph Fiennes** og leikstjóri myndarinnar.



Marc Anthony er yfir sig hrifinn af húðflúrum **David Beckham** og það um að komast í samband við listamanninn sem ber ábyrgð á þeim, **Louis Molloy**. Beckham skartar nöfnum sona sinna húð-flúruðum á líkamann, og þar sem allt virðist benda til þess að Anthony og **Jennifer Lopez** muni fjölga mannkyninu á næstu mánuðum er spurning hvort hann fetar í fótspor vinar síns þar líka.



Nicollette Sheridan, sem leikur Edie í *Desperate Housewives*, hefur ekki boðið neinum meðleikurum sinna í brúðkaup hennar og **Michael Bolton** í byrjun næsta árs. „Hún vill ekki móðga **Marcia Cross**, **Evu Long-oríu**, **Teri Hatcher** og **Felicity Huffman**, en hún vill bara vera með fólki sem elskar hana,“ segir vinur leikkonunnar.



Sögusagnir af ósætti á töku-stað þáttanna hafa gengið fjöll-unum hærra, og þetta verður sist til að kveða þær niður.

Örugg leið til árangurs

Myoplex Original máltíðardrykkur

Rétta máltíðin til að breyta þrotlausri vinnu þinni í vöðvamassa. Fyrsta flokks næringarefni fyrir líkamann til að starfa og ná hámarks afköstum.

- 42gr. hágæða prótein
- 24 vitamin og steinefni
- Viðbættar aminosýrur og trefjar

Myoplex Original máltíðardrykkur tilbúinn-til-drykkjar

Ófluga Myoplex næringarinnihaldið í tilbúnu drykkjarformi. Það hefur aldrei verið auðveldara að borða máltíð sem er í senn holl og bragðgóð.

- 25gr. hágæða prótein
- 5gr. trefjar - 1gr. sykur
- Aðeins 207 hitaeiningar

EAS Creatine

Leystu meiri orku úr læðingi með fyrstu kreatinvörðunni sem koma á markaðinn. Creatine er líklega mest notaða bætiefni í heiminum meðal íþróttfólks.

- Eykur líkamsmassa og vöðvastyrk
- Bættir þrek
- Alvöru Creatine fyrir alvöru íþróttafólk

EAS heilsuvörurnar fást í öllum betri matvöruverslunum, bensinstöðvum og heilsuræktarstöðvum. Nánari upplýsingar um EAS fást í síma 5552866 og á www.eas.is.

> Ari Freyr eftirsóttur

Ari Freyr Skúlason, leikmaður sænska liðsins Häcken og fyrrverandi leikmaður Vals, hefur undanfarið verið orðaður við önnur lið. En Häcken mistókst að vinna sig upp í efstu deild í Svíþjóð á nýafstaðinni leiktíð og því er líklegt að liðið missi sína bestu menn. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins eru tvö lið sérstaklega áhugasöm um að fá Ara Frey til liðs við sig, annað þeirra er í efstu deild í Svíþjóð en hitt í efstu deild í Danmörku og gætu málin skýrst fljótlega. Ari spilaði 25 af 30 leikjum liðsins sem var aðeins einu stigi frá því að vinna sig upp um deild.

sport
sport@frettabla-



ADALSTEINN EYJÓLFSSON: ÞJÁLFARI KVENNALIÐS STJÖRNUNNAR ER ÓSÁTTUR VIÐ STJÖRNARMENN MIOS

Framkoma Frakkanna til háborinnar skammar

Stjarnan tapaði naumlega 27-26 fyrir franska liðinu Mios í Evrópukeppni félagsliða í handbolta kvenna í fyrrakvöld og er því í ágætari stöðu fyrir seinni leik liðanna. Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnnunnar, var ánægður með stelpurnar sínar en vandaði stjórnarmönnum franska liðsins ekki kveðjurnar fyrir móttökurnar.

„Umgjörð og framkoma franska liðsins var til háborinnar skammar, það er ekkert öðruvísi. Þegar við komum á hótelið sem við áttum að gista á, þá kom í ljós að gert hafði verið ráð fyrir því að leikmenn og starfsmenn svæfu tveir og tveir saman í litlum rúmum og herbergin voru í þokkabót skitug og ekki gestum bjóðandi. Það eru til reglur innan alþjóðahandknattleikssambandsins sem segja til um að lið eigi að bjóða upp á sæmindi hótélherbergi fyrir andstæðinga sína í Evrópukeppinni,” sagði Aðalsteinn og var að sama skapi óánægður með viðbrögð Frakkanna við kvörtunum Stjörnnunnar.



„Við sættum okkur að sjálfsögðu ekki við að sofa á því hóteli sem okkur hafði verið skaffað og Frakkarnir voru mjög ólíklegir í því að finna fyrir okkur annað hótél og við þurftum að sjá um það að mestu leyti sjálf og eyddum einhverjum 4-5 klukkutímum til þess að finna betra hótél kvöldið fyrir leikinn,” sagði Aðalsteinn pirraður og furðaði sig einnig á því að eftirlitsmaður og dómarmar hefðu fengið þá meðferð sem raun bar vitni. „Það er gjörsamlega með ólíkindum að eftirlitsmaður og dómarmar fengu einnig þessar slöku móttökur og virðist staðfesta það eins og þetta horfir við mér að lið geti virkilega komist upp með að haga sér með þessum hætti.”

Seinni leikur liðanna fer fram á sunnudaginn næstkomandi í Myrinni í Garðabæ. „Við ætlum okkur sigur í leiknum og áframhaldandi þátttöku í Evrópukeppinni og við munum að sjálfsögðu koma fram við Frakkana af sömu kurteisi og við viljum að okkur sé sýnd þegar við ferðumst erlendis,” sagði Aðalsteinn.

Enska úrvalsdeildin:

Kevin Nolan bjargaði Bolton

FÓTBOLTI West Ham og Bolton skildu jöfn 1-1 í eina leik gærdagsins í ensku úrvalsdeildinni. George McCarthy kom West Ham yfir eftir 20 mínútna leik og þar við sat þangað til að Kevin Nolan jafnaði metin fyrir Bolton í uppbótartíma.

„Við erum verulega svekktir og þetta voru tvö stór stig sem við töpuðum,” sagði Alan Crubshley, stjóri West Ham, í leiklok. Gary Megson, nýráðinn stjóri Bolton, var öllu hressari í leiklok. „Þetta var stórt skref fyrir okkur og að koma á Upton Park og ná í stig á þann hátt sem við gerðum er ánægjulegt. Jafntefli eru sanngjörn úrslit að mínu mati og mér fannst við eiga skilið að jafna í lokin,” sagði Megson í leiklok.

West Ham er í 11. sæti deildarinnar, en Bolton-liðið er sem fyrr í 19. sæti þrátt fyrir að hafa nælt í jafntefli.

Vill enda ferilinn á Íslandi

Jóhannes Harðarson hefur hug á því að klára samning sinn við Start en segir það svo í raun ekki spurningu um hvort heldur hvenær hann spili á Íslandi.

FÓTBOLTI Jóhannes Harðarson, leikmaður Start í norsku deildinni, á ennþá eitt ár eftir af samningi sínum við liðið og telur að hann muni líklega vera áfram í herbúðum Start þrátt fyrir að liðið hafi fallið niður um deild á nýafstaðinni leiktíð.

Jóhannes er búinn að leika með Start undanfarnar þrjár leiktíðir, fyrsta árið í næstefstu deild og svo tvö ár í efstu deild, en meidsli settu stórt strík í reikninginn hjá honum á síðustu leiktíð.

„Ég var að ná mér eftir meidsli þegar nýr knattspyrnustjóri tók við Start-liðinu síðasta sumar og segja má að ég hafi í raun aldrei verið inni í myndinni hjá honum. Svo þegar ég var kominn á ágætis ról eftir erfið nárameiðsl lenti ég í því að nefbrotna á æfingu og stuttu síðar tagnaði ég aftan í læri.



ÓHEPPINN MED MEISLI Jóhannes Harðarson vonast til þess að meidslasagan sé að baki og hann geti náð sér á strík í Noregi á ný.

Meidslasagan er vonandi að baki núna,” sagði Jóhannes sem lék aðeins fjóra leiki á tímabilinu, en Start tilkynnti í gær ráðningu nýs knattspyrnustjóra hjá liðinu.

„Það er búið að ráða nýjan knattspyrnustjóra hjá Start, sem var áður stjóri hjá Odd Grenland, þannig að ég bið bara spenntur. Það verður gaman að sjá hvað hann hefur fram að færa og fróðlegt einnig að sjá hvar ég stend innan liðsins. Okkur fjölskyldunni líður vel í Noregi og ég geri ráð fyrir því að klára minn samning hjá liðinu og svo sjáum við til með framhaldið,” sagði Jóhannes en kvað líklegt að hann myndi snúa

aftur heim til Íslands og spila þar fyrr en síðar.

